

Skjálftinn haldinn í fyrsta sinn á Suðurlandi

Skjálftinn er hæfileikakeppni ungmennta í grunnskólum á Suðurlandi. Keppnin er byggð á hæfileikakeppninni Skrekk sem hefur verið haldin í grunnskólum Reykjavíkurborgar í 30 ár. Skjálftinn verður haldinn í fyrsta sinn 15. maí nk. í íþróttahúsinu í Þorlákshöfn. Forspraki verkefnisins er Ása Berglind Hjálmarasdóttir. Í samtali við Ásu kemur fram að keppnin verði að þessu sinni fyrir grunnskóla í Árnessýslu en á næsta ári stendur til að bjóða fleiri skólum á Suðurlandi þátttöku. „Skjálftinn verður haldinn með öðru sniði en upphaflega stóð til vegna sóttvarnaráðstafana. Í stað þess að þátttakendur hittist, eigi saman heilan dag og flytji atriði sín fyrir fullan sal af fólki, þá tekur Ungrúv upp atriði frá hverjum skóla og setur saman í viðburð sem verður aðgengilegur á ungruv.is frá kl. 18 sunnudaginn 16. maí. Með þessum hætti var hægt að taka upp hvert atriði án þess að stefna öllum ungmennum saman með tilheyrandi aukinni hættu á þessum furðutímum heimsfaraldurs,“ segir Ása. Úrslitin verða tilkynnt „ive“ á Skjálfta-instagraminu sunnudagskvöldið 16. maí kl. 20 þegar formaður dómnefndar, Salka Sól, afhendir farandverð-



Að ofan: Krakkar úr Sunnulekjarskóla á Selfossi æfa stíft fyrir þátttöku í Skjálftanum. Að neðan: Ása Berglind Hjálmarasdóttir.

launagripinn til fyrsta sigurliðs Skjálftans. Aðspurð um fjölda þátttakenda segir Ása: „Það eru 8 skólar úr Árnessýslu sem verða með atriði og það eru ungmennin sjálf sem hafa búið þau til frá grunni, útfært, æft, hannað búninga, hárgreiðslur og hvaðeina sem þarf til þess að láta hugmynd að sviðslistaverki verða að veruleika.“ Samkvæmt Ásu er markmiðið með Skjálftanum að bjóða ungmennum upp á verkefni sem eflir sköpunargáfu, þjálfar þau í

markvissu langvinnu hópastarfi sem styrkir sjálfsmynd einstaklinga og hefur jákvæð áhrif á skólamenningu. „Skjálftinn er samfélagslegt verkefni með sjálfbærni að leiðarljósi, búinn til með það að markmiði að hafa jákvæð áhrif á samfélag og menntun ungmenna. Ég vil nota tækifærið og þakka skólastjórnendum og Skjálftaleiðbeinendum fyrir ánægjulegt samstarf, SASS og Sveitarfélaginu Ölfusi fyrir stuðninginn og síðast en ekki síst þátttakendum fyrir mikla þrautseigju og jákvæðni á ansi hreint krefjandi tímum.



Ísey Skyr Bar opnar á Selfossi

„Það hefur lengi verið kallað eftir hollari valkostum í veitingaflórinni á Selfossi og það er mjög ánægjulegt að geta svarað því kalli,“ segir Elísabet Ósk Guðlaugsdóttir, nýráðin rekstrarstjóri Skyrlands, en nú er orðið staðfest að Ísey Skyr Bar mun opna samhliða upplifunarsýningunni Skyrlandi í nýjum miðbæ Selfoss í sumar.

Elísabet var ráðin úr stórum hópi umsækjenda, en hún er ferðamálafræðingur frá Háskóla Íslands og með MLM gráðu í forystu og stjórnun frá Háskólanum á Bifröst. Elísabet er tveggja barna móðir, Selfýssingur í húð og hár, og er hennar fyrsta verk að finna fleiri Sunnlendinga í teymið.

„Það er frábært fyrir mig sem Selfýssing að koma inn í þetta metnaðarfulla verkefni og afskaplega gaman að taka þátt í að undirbúa og móta þessa sýningu og þá þjónustu sem boðið verður upp á samhliða henni. Við erum að auglýsa eftir starfsfólki í ýmis störf og áhugasamir mega endilega hafa samband.“

Opnun er fyrirhuguð í lok júní samhliða opnun miðbæjarins, um svipað leyti og létt verður á öllum samkomutakmörkunum vegna Covid-19 og erlendir ferðamenn fara aftur að streyma til landsins. „Það er mikil tilhlökkun og við finnum fyrir mikilli jákvæðni og bjartsýni í nærsamfélaginu,“ segir Elísabet.

KFR og SS endurnýja styrktarsamning sinn fyrir 2021



Sláturfélag Suðurlands endurnýjaði styrktarsamning við KFR fyrir 2021. Sem fyrr er SS

aðalstyrktaraðili KFR. Stuðningur fyrirtækja á svæðinu er félaginu mikilvægur grundvöllur þess að hægt sé að halda úti öflugum starfi í meistaraflökk félagsins. Sláturfélagið hefur í gegnum tíðina stutt vel við KFR og sýnt hvað það er mikilvægt fyrir samfélagið að fyrirtæki styðji við bakið á íþrótt- og æskulýsstarfi á svæðinu.

Fáðu fagmann í verkið

**PÍPULAGNIR
HELGA**

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Toyota
Selfossi

FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTA

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is

DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Sími 482 1944 | auglysingar@dfs.is | www.dfs.is

Boggugarðar

- Trjá- og hekkklippingar
- Beðahreinsanir
- Garðaráðgjöf

 Erum á Facebook

Sólborg Ósk Kragh
GARDYRKJUFRAÐINGUR

Sími 895 2766
solborgosk@gmail.com



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Opinn bólusetningadagur í AstraZeneca

13. maí 2021 (uppstigningadag)
er boðið uppá opinn dag sem hér segir:

Kl: 10-11 í Vallaskóla á Selfossi
fyrir alla 60 ára og eldri sem ekki hafa
fengið neina bólusetningu.

ATH! Þetta er fyrir alla óbólusetta 60 ára
og eldri í Árnes- og Rangárvallasýslu.

Ósýnilegt ofbeldi? Hvar eru börnin okkar og hvað eru þau að gera?

Forvarnavinna lögreglu og barnaverndar

Foreldraeftirlit er orðið mun flóknara í dag heldur en hér áður. Á árum áður var hefðbundið foreldrarölt skipulagt til að fylgjast með börnunum en í dag er eftirlitið margbreytilegra. Börnin okkar eru mörg með snjallsíma í höndunum og hafa þar aðgengi að alls konar fólki hvar sem er í heiminum og eru einum smelli frá skuggalegum hliðum samfélagsins sem margir fullorðnir vita ekki um. Börn með snjallsíma hafa mörg hver aðgengi að hinum ýmsum samfélagsmiðlum sem erfitt er að hafa eftirlit með. Sem dæmi um samfélagsmiðla eru: Snapchat, Instagram, Facebook, Yolo, Twitter, LinkedIn, Tiktok, Whatsapp, Telegram, Onlyfans og fleiri. Upptöldu samfélagsmiðlar hafa hina ýmsu eiginleika en innihalda allir í sér samskipti við fólk sem geta verið órekjanleg.

Tilkynningum til barnaverndar hefur fjölgað umtalsvert síðustu ár sem er áhyggjuefni, þar af tilkynningum er varðar stafrænt ofbeldi og stafrænt kynferðisofbeldi. Stafrænt ofbeldi felur í sér áreitni, niðurlægingu og ógnun á stafrænu formi. Að auki við stafrænt ofbeldi er einnig til stafrænt kynferðisofbeldi, það

felur í sér myndbirtingu og/eða dreifingu á kynferðislegu efni sem getur verið hreyfimynd, ljósmynd eða hljóðbrot. Þegar upp kemur mál er varðar stafrænt kynferðisofbeldi gegn barni fer af stað samvinna milli barnaverndar og lögreglu. Þessum málum er tekið mjög alvarlega og í samvinnu er farið í vinnu að reyna að uppræta efnið, hlúa að þolanda og vinna með hegðun gerenda. Svona mál geta verið afar erfið í vinnslu en þolendur geta upplifað mikla vanlíðan í kjölfarið og birtingarmyndirnar ýmislegar. Til að mynda geta afleiðingar verið lítið sjálfstraust, markaleysi, félagsfælni, hegðunarsvandamál, maga/höfuðverkir, áhættuhegðun og sjálfsskaði.

Myndefni sem er komið á veraldarvefinn er erfitt að ná til baka og getur haft áhrif á nútíð og framtíð barns. Barn hefur ekki forsendur til að gera sér grein fyrir langtímaafleiðingum þess og því mikilvægt að fræða börnin. Að svo sögðu er gott að hafa í huga að sakhæfisaldur samkvæmt lögum er 15 ára og því geta börn gerst brotleg á almennum hegningarlögum þrátt fyrir að vera ekki lagalega séð fullorðin.

Í ljósi aukningar á málum af þessum toga fór barnavernd



Árborgar og lögregla nýverið í 7., 8. og 10. bekk í öllum grunnskólum í Árborg og ræddi um ofbeldi, birtingarmyndir og afleiðingar en sérstök áhersla var lögð á stafrænt kynferðisofbeldi. Forvarnafyrirlesturinn gekk vel fyrir sig og ungmennin í samfélaginu okkar voru afar fróðleiksús og góð umræða myndaðist. Stefnt er að því að ljúka við verkefnið og fara með forvarnaerindið á forvarnadegi 9. bekkjar í vor.

Ungmennin í Árborg voru öll til fyrirmyndar á fyrrgreindum fyrirlesturum og þið foreldrar getið verið stolt af þeim. Lögreglan og barnavernd biðlar til ykkar foreldra í Árborg að halda umræðunni á lofti heima fyrir og fylgjast með hvað börnin ykkar eru að gera í snjallsímum sínum, þannig erum við öll forvarnir!

Fyrir hönd barnavernd
Árborgar,
Sigprúður Birta Jónsdóttir,
félagsráðgjafi

Gufuveitan í Hveragerði

Atvinnulíf í Hveragerði er fjölbreytt og í sífelldri þróun. Bærin er vel í sveit settur nærri höfuðborgarsvæðinu og í leiðinni fyrir flesta ferðamenn sem koma til landsins. Mikil íbúafjöldun er staðreynd en nú eru íbúar 2.840 en voru 2.384 fyrir aðeins 5 árum og hefur því fjölgað um tæp 20% sem er mikil fjölgun í öllu samhengi.

Fyrirtækjum hefur fjölgað og er þar ferðaþjónusta mjög áberandi en bæði veitingahúsum og gistirýmum hefur fjölgað mjög mikið á síðastliðnum árum. Ekkert lát er á og á vormánuðum mun opna nýtt hótél með um 50 gistiherbergi og mathöll á fyrstu hæð þar sem verða 6-8 nýir veitingastaðir ásamt verslunum. Ný bygging við hjúkrunarheimilið er að nálgast útboðsstig og Heilsustofnun NLFÍ hyggur á milljarða uppbyggingu svo fátt eitt sé talið.

Allt kallar þetta á afleidd störf sem hefur fjölgað í takt við aukin umsvif. Mikilvægt er að innviðir þróist samhliða og ekki síður að sérstaða og styrkleikar bæjarfélagsins nýtist sem best til uppbyggingar.

Gufuveitan flokkast sem

einn af helstu styrkleikum atvinnulífs í Hveragerði og ekki síður sem ein helsta sérstaða atvinnulífs í bæjarfélaginu. Gróðurhús, plastendurvinnsla, stórt þvottahús, sundlaugar, ísgerð, bjórgerð, veitingastaðir og fleira er allt knúið orku frá gufuveitunni sem er einstök á landsvísu.

Gufuveitan hefur verið viðhaldsrek og á stundum ekki nógu afkastamikil. Ljóst er að notendur þyrftu að vera fleiri til að það gríðarlega afl sem í henni býr myndi nýtast til fullnustu. Bæjaryfirvöld eiga reglulega fundi með stjórnendum Veitna ohf. þar sem málefni gufuveitunnar eru ávallt til umræðu.

Veitur ohf. hafa lagt í mikinn kostnað við að viðhalda henni og má þar meðal annars nefna nýja lögn frá Reykjafjalli og niður að bæjarstaðinu sem ætlað er að fæða gufuveituna.

Starfsmenn Veitna ohf. eru meðvitaðir um öll framtíðaráform Hveragerðisbæjar varðandi uppbyggingu bæjarfélagsins og á fundum hefur verið fjallað um hag-



stæðustu staðsetningar gróðurhúsa og atvinnutækifæra að teknu tilliti til gufuveitunnar.

Uppbygging gróðurhúsa er áformuð við Gróðurmörk og var sú staðsetning ákveðin á meðan að Hveragerðisbær rak Hitaveitu Hveragerðisbæjar og því komu Veitur ohf. ekki að þeim áætlunum. Í dag er aftur á móti í vinnslu deiliskipulag er heimilar byggingu umtalsverðs húsnæðis fyrir verslun og þjónustu á Friðarstöðum og þar með mögulega ferðamanna-gróðurhús og hentar sú staðsetning einkar vel með tilliti til lagna gufuveitunnar.

Núverandi meirihluti hefur ávallt unnið ötullega að því að rekstur gufuveitunnar sé tryggður. Áfram verður unnið að því markmiði.

Eyþór H. Ólafsson,
forseti bæjarstjórnar í
Hveragerði.



Einnig slegnir
vegkanntar
& heimreiðir



Er í
Bláskógarhlíð

Nú er hægt að
snyrta trén
á auðveldan hátt
og engin hætta á
rispum á bíla
í kring.



Síðast
en ekki síst sér
kurlarinn
um trjágreinarnar

Hafið samband við Sigurð:
893-8767
siggi@hauks@yahoo.com
SH Vinnuvélar



NÝ SENDING FRÁ BOHÉME

Spennandi tilboð á sumarfátnaði
frá mörgum merkjum

LINDIN
TÍSKUVERSLUN
Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800

Opið allar helgar í maí.
Laugardag kl. 10-16
Sunnudag kl. 12-16

Vefverslun okkar er
www.tiskuverslun.is

TIL LEIGU

Til leigu er á besta stað á Selfossi húsnæði sem hentar vel fyrir skrifstofu eða alhliða þjónustu. Um er að ræða 80 m² á annarri hæð á Austurvegi 1-5 (Krónu) sem samanstendur af opnu rými, kaffistofu, tveimur salernum með sturtum og að auki er 20 m² sameiginlegt anddyri með öðru fyrirtæki.

Aðgengi er mjög gott, lyfta úr bílakjallara og rúmgóður stigi.

Húsnæðið er tilbúið til útleigu. Upplýsingar gefur
Bárður Árnason í síma 665 6908 eða bardur.arnason@efla.is.



Ársfundur 2021

Ársfundur sjóðsins verður haldinn á Grand
Hótel Reykjavík, Sigtúni 38, miðvikudaginn
26. maí 2021 og hefst kl. 18:00.

Dagskrá fundar:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
3. Önnur mál

Í stjórn sjóðsins eru:

Anna Halldórsdóttir, formaður
Sigurður Ólafsson, varaformaður
Halldóra Sigr. Sveinsdóttir
Örvar Ólafsson
Þór Hreinsson
Kristín Magnúsdóttir

Framkvæmdastjóri:

Gylfi Jónasson

	2020	2019
Breytingar á hreinni eign:		
Iðgjöld	11.473	11.822
Lífeyrir	-4.740	-4.279
Hreinar fjárfestingatekjur	23.606	20.415
Rekstrarkostnaður	-345	-306
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris	29.994	27.651
Hrein eign frá fyrra ári	176.579	148.928
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	206.573	176.579
Efnahagsreikningur:		
Eignahlutir í félögum og sjóðum	112.552	85.839
Skuldabréf og aðrar fjárfestingar	89.212	84.386
Fjárfestingar	201.764	170.225
Kröfur	1.580	1.501
Innlán og aðrar eignir	3.330	5.005
Viðskiptaskuldir	101	152
Annað	4.809	6.354
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	206.573	176.579
Ýmsar kennitölur		
Hrein nafnávöxtun samtryggingardeildar	12,9%	13,2%
Hrein raunávöxtun samtryggingardeildar	9,1%	10,2%
Hrein raunávöxtun, meðaltal síðustu fimm ára	5,5%	5,4%
Hrein raunávöxtun, meðaltal síðustu tíu ára	5,6%	4,9%
Tryggingafræðileg staða	1,5%	-0,5%

* fjárhæðir í milljónum króna

Ársfundurinn er opin öllum sjóðfélögum en einnig verður hægt að fylgjast með fundinum í beinni útsendingu meðan á honum stendur. Þeir sjóðfélagar sem hyggjast nýta sér það eru beðnir um að skrá sig á festa@festa.is í síðasta lagi kl. 12:00 á aðalfundardegi og fá þá uppgæfna slóð til að tengjast.

Ávöxtun séreignardeildar 2020

Hrein eign séreignardeildar nam 921 milljónum króna í árslok 2020, þ.a. námu eignir sparnaðarleiðar II 872 milljónum króna. Hrein nafnávöxtun sparnaðarleiðar I, sem hóf starfsemi á miðju ári 2018, nam 4,6% eða 1,1% í hreina raunávöxtun. Sparnaðarleið II skilaði 13,1% í hreina nafnávöxtun eða 9,3% í hreina raunávöxtun. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sparnaðarleiðar II undanfarin tíu ár er 4,8%.

Vilja leggja niður skólahald á Eyrarbakka

Örðómur um að vilji sé fyrir því að leggja niður skólahald á Eyrarbakka hefur sveimað um í samfélaginu lengi. Bæjarstjóri Árborgar, Gísli Halldór Halldórsson, staðfestir þetta síðan í viðtalinu „Tækifærin í Árborg felast í friðsæld og mannvænu umhverfi“ sem birtist í Dagskránni 5. maí síðastliðinn.

Sveitarfélagið Árborg rekur skóla í báðum þorpum undir merkjum Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri með tilheyrandi skólaakstri. Á Stokkseyri eru nemendur 1.-6. bekkjar og 7.-10. bekkjar á Eyrarbakka. Þetta fyrirkomulag hefur styrkt tengsl á milli fólksins í þorpunum og haldist hefur jafnræði í samfélögunum með sambærilegri þjónustu.

Hjarta þorpsins

Í áður nefndu viðtali leggur bæjarstjóri til að nemendur á Eyrarbakka verði færðir í skóla á Stokkseyri, m.a. til að spara sveitarfélaginu útgjöld. Það er auðvitað ekkert launungarmál eða nýmæli að skólastarf í fámennri byggð sé kostnaðarsamt. Bæjarstjóri segir að flutningur nemenda muni styrkja skólastarfið og byggir það á fjölmörgum samtölum við starfsfólk skólans og skólaþjónustu. Ég vil mótmæla þessari tillögu hans, sem væntanlega fleiri standa á bak við, þar sem hann hlýtur að teljast talsmaður bæjarstjórnar.

Bæjarstjóri vill fá samfélagsmiðstöð í skólahúsið á Eyrarbakka sem hann telur að yrði „hjarta í þorpinu, púlsinn og lífæðin“. Kæri bæjarstjóri! Skólastarfið er einmitt það, hjartað í samfélaginu. Öll samfélög berjast fyrir því að halda skólahaldi í sinni byggð og gefast ekki upp fyrr en fólksfæðin neyðir sveitarfélög í slíka sársaukafulla aðgerð. Ég veit ekki neitt dæmi þess að skólahald sé lagt niður í vel dafnandi byggð. Á Eyrarbakka er blómlegt félagsstarf og menningarlíf en hvorki mikil atvinna né þjónusta og skólinn er einn af þremur fjölmennustu vinnustöðum í þorpinu. Hér er gagnlegt að nefna að Eyrarbakki og Stokkseyri eru ekki eitt og sama þorpið né eru þau úthverfi í Árborg.

Velferð barnanna

Það heyrir gjarnan á tali þeirra sem styðja leynt eða ljóst tillögur bæjarstjóra að huga beri fyrst og fremst að velferð og velliðan barnanna og framtíð þeirra, líkt og þeir sem tala fyrir skólahaldi á Eyrarbakka geri það af eigin-gjörnum hvötum án tillits til velferð barnanna. Börnin eru hluti af fjölskyldu og hluti af samfélaginu. Skólaleysi í þorpi mun hafa varanleg áhrif á samfélagið með ólíkum hætti og varðar þannig okkur öll.

Sömuleiðis heyrast þau rök fyrir flutningi nemenda að veita þurfi þeim sem besta aðstöðu til náms. Þá spyr ég, hvers vegna er þá ekki keppt við að veita nemendum sem sækja skóla á Eyrarbakka góða aðstöðu þar? Á Eyrarbakka er ekki aðstaða til að kenna myndmennt, heimilisfræði, smíði, hannyrðir og sund og keyrt með krakkana yfir á Stokkseyri í öll þessi fög með tilheyrandi kostnaði. Nemendur á Eyrarbakka hafa að hluta til verið í útistofum í fjóra áratugi nokkuð athugasemdaleaust. Hvers vegna er bæjarstjóri ekki að hrósa skólanum fyrir þolgæði og hagsýni og stinga upp á úrbótum á skólahúsinu og aðstöðu fyrir t.d. verkgreinar á Eyrarbakka?

Ný skólahús í báðum þorpum

Ég held að menn sé búnir að gleyma áætlunum frá upphafi aldarinnar um uppbyggingu Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri. Þá var tekin sú ákvörðun, eftir íbúakosningu, að byggð yrðu ný skólahús í báðum þorpum. Byrjað var á Stokkseyri og þegar kreppan skall á árið 2008 (það eru 13 ár síðan) var uppbyggingu á Eyrarbakka slegið á frest. Nemendur á Eyrarbakka eru enn að bíða eftir bættri aðstöðu en nú er lagt til að refsa samfélaginu fyrir þolinmæðina með að leggja niður skólahal!

Byggð í vexti

Skólahald, sem er hluti af grunnþjónustu sveitarfélags, á að teljast sjálfgefið í blómlegri byggð. Byggðin hér er í vexti og gæti vaxið enn meira til dæmis ef sveitarfélagið stæði sig í að skipuleggja nýtt íbúðahverfi og

Linda Ásdísardóttir



Íbúi á Eyrarbakka

auglýsti þær lóðir í blöðum á frambærilegan hátt. Það virkar eitthvað mótsagnakennt að bæjarstjóri segi í viðtali að varast skuli of hraðan vöxt þorpanna tveggja en segir í sama viðtali, að eftir „ekki mörg ár“ verði fjölgun slík að nýr fullbúinn skóli þurfi að rísa á Eyrarbakka. Þarna gerir hann sem sagt ráð fyrir mikilli fjölgun fjölskyldufólks í skólalausu þorpi. Er það raunhæft? Er virkilega einhver sem heldur að skerðing á þjónustu hafi ekki áhrif á byggðapróun?

Íbúafundur?

Skoðanir fólks á þessu eru ólíkar og það bera að virða. Það er hins vegar óþolandi og virkilega niðurdrepani að umræðan fylgi samfélaginu eins og draugur ár eftir ár. Staðan var svipuð fyrir 10 árum. Tillögur um skerðingu á skólahaldi eru sprottnar frá bæjarstjórn og koma ekki frá íbúum svo umræðan er á ábyrgð fulltrúa hennar. Eða hvað finnst foreldrum á Eyrarbakka? Ég legg til að boðað verði til íbúafundar þar sem bæjarfulltrúar sem og stjórnendur skólans kynna íbúum, börnum, foreldrum, tilvonandi foreldrum, öfum og ömmum afstöðu sína og stofnað verði til samtals.

Að lokum

Ég hef búið á Eyrarbakka í 26 ár og sækir núna vinnu til höfuðborgarinnar en vann á Bygðasafni Árnesinga í Húsinu á Eyrarbakka meðan börnin mín voru á grunnskólaaldri. Ég vonast til að búa hér til gamals aldurs. Á næsta ári verður skólahald á Eyrarbakka 170 ára og ég vona að við fögnum því með stolti og sóma með öflugum skólastarfi í elsta barnaskóla landsins.



Í ferð til Vínar og aftur heim

Endrum og sinnum kemur gat í matgæðinginn og við leitum á náðir vina og vandamanna. Sá sem best hefur staðið sig í því að reiða fram uppskriftir í snarhasti er vissulega Sven Lindström, sá sænski matgæðingur. Síðast var Sven með ættarbuffið, buff Lindström. Að þessu sinni ætlar hann að leggja land undir fót og ferðast með okkur til Vínar hvar matarmenningin og ekki síst hefðirnar hitta fólk venjulega í hjartastað.

Vínarsnitselið góða

Ég mun nota svínakjöt í uppskriftina að þessu sinni. Vissulega má skipta út og hafa kjúkling eða kálfbakjöt, sem auðvitað er originallinn, kjósi fólk svo. Hráefnið sem við þurfum er:

- 1 stk. svínalund eða annað ofantalið kjötmoti
- 3 egg
- hveiti
- raspur
- smjör
- sítróna
- fersk steinselja
- kartöflusmælki

Kartöflurnar er best að gera fyrst. Þær eru hlutaðar niður í tvo eða fjóra parta. Saltaðar og pipraðar og velt upp úr smávegis ólífuólíu og settar í 200 gráðu heitan ofninn. Vissulega má krydda þær með einhverju jurtakryddi að auki, en hér ræður einfaldleikinn. Við sneiðum lundina niður í 3-4 cm medalíur, allt eftir stærð. Þá fletjum við þær út í rólegum slögum með buffhamri, en lykilatriðið er auðvitað að hafa þær sem þynnast. Næst er að dusta þær vandlega upp úr hveiti, færa þær í egginn,

sem við erum auðvitað búin að píska sundur með gaffli og þaðan yfir í raspið. Ég nota að þessu sinni heimagera rasp. Krydda með salti og pipar. Steikingin á snitselinu er atriði sem þarf að vanda sig við. Galdurinn er þolinmæði við ekki of heita pönnu. Við bræðum smjör á pönnunni. Við getum ekki gert ráð fyrir því hve mikið smjör verður notað og skal því nota það eftir þörfum og enga nísku né sparsemi. Best er að pannan sé rétt rífllega miðlungsheit og smjórið hætt að freyða. Við smellum svo sneiðunum á og leyfum þeim að dóla í rólegheitunum á fyrri hliðinni áður en við snúum. Gylltur, stökkur og örliðið brúnaður er u.p.b. merkið um að snúa. Þurfi meira smjör hér, setjum við meira smjör. Þegar hin hliðin er gyllt, stökk og örliðið brúnuð færum við sneiðina upp á disk.

Á diskinn setjum við knasandi stökkt og nýsteikt snitselið. Stökka kartöflubátana til hliðar, sítrónusneið og að lokum nokkur lauf af steinselju. Nú, þá komum við aftur að smjörinu, en skynsamlegt er að bræða væna flís af íslensku smjóri á pönnunni með öllu afgangraspinu og nota með. Það er svo ekkert heilsuspillandi að með þessu sé hafður gylltur, freyðandi og góður bjór að eigin vali, gjarnan sunnlenskur. Margir senda inn eftirrétti og forrétti að auki. Það er þó svo að með svona máltíð er ekki pláss fyrir forrétt eða eftirrét. Og raunar ekki nokkuð annað en að leggja fyrir á meltuna í mjúkan sófa áður en haldið er lengra. Þá fer vel að hlusta á vínartónlist eða austurrískt brassband meðan hugurinn fer í ferðalag og mesta smjörvím-an líður hjá.

Skorað er á Helga Þór Baldursson.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyraavegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gpp@prentmetoddi.is.
Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, skh@prentmetoddi.is

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyraavegi 25, Selfossi, fyrir hádegis á mánuðögum. Upplag: 8700 eintök.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Visnagátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókaútgáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

Árla dags þú oft mig sjálfur um þig spennir.
Kringum hnöttinn allan er ég.
Í ýmsum tækjum hjólin ver ég.

Svar við gátu í blaði 2596: **FLEKKUR.**
1. lína: Töðuflekkur - 2. lína: Saudurinn Flekkur
3. lína: Mannorðsflekkur



Austurvegur 55, Selfossi

Nýjar, vandaðar og vel hannaðar íbúðir fyrir 55 ára og eldri á góðum stað á Selfossi. Öllum íbúðum fylgir geymsla og sér bílastæði í rúmgóðum kjallara. Húsið er uppsteypt, klætt að utan með fallegum flísum og lituðu járn í bland. Tvö lyftuhús eru í húsinu og er aðgengi að öllum íbúðum mjög gott. Íbúðirnar skilast fullbúnar án megin gólfefna en gólf inná baðherbergjum og þvottahúsum eru fullfrágengin með flísum. Íbúðirnar eru tilbúnar til afhendingar 1. ágúst 2021. Svalalokun er á öllum íbúðum, íbúðum á jarðhæð fylgir sólþallur í séreign. Lóðin skilast fullfrágengin. Byggingaraðili er JÁVERK.

Nánari upplýsingar veita:



Steindór Guðmundsson
lögg. fasteignasali
s. 862 1996

Hallgrímur Óskarsson
lögg. fasteignasali
s. 845 9900



Þorsteinn Magnússon
lögg. fasteignasali
s. 894 2045

Þórir Ólafsson
lögg. fasteignasali
s. 865 9774

ÍSLENSKT

LÁTTU ÞAÐ GANGA

HARPA
ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19

Garðabær

harpa@harpautfor.is

harpautfor.is

Harpa Heimisdóttir
842 0204Brynja Gunnarsdóttir
821 2045Þökkum innilega samúð og
vinarhug við andlát og útför,**Steinþórs Kristjánssonar**
frá Geirakoti,sem lést 13. apríl síðastliðinn. Sérstakar þakkir
eru færðar starfsfólki Fossheima á Selfossi fyrir
umönnun hans síðastliðin ár.**Aðalheiður Edilonsdóttir****Katrín Kristjánsdóttir****Sigrún Kristjánsdóttir Gunnar Kristmundsson**
Ólafur Kristjánsson María HauksdóttirÁstkær eiginmaður minn, faðir
okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir,
afi og langafi,**Sveinn Ármann Sigurðsson,**
Birkigrund 21, Selfossi,lést á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi
aðfaranótt 6. maí. Jarðarför auglýst síðar.**Guðrún Jóna Guðbjartsdóttir****Bryndís Sveinsdóttir Hreinn Jónsson****Magnús Gísli Sveinsson Linda Björg Perludóttir****Kristín Sveinsdóttir Andrés G. Ólafsson****Guðbjartur Örn Einarsson Sóley Einarsdóttir****Bergljót Einarsdóttir Guðjón Birkiðsson**

afabörn og langafabörn.



Furðusögur hafa skoppað í hausnum á mér síðan ég var barn

-segir lestrarhesturinn Salka Jóhannsdóttir

Salka Jóhannsdóttir er fædd í Reykjavík en uppalin í Danmörku og á Suðurlandi. Hún er allrahandi vinnukona, leiðsögumaður, hesthúseigandi, tungumálaunnandi, víkinga-endurleikari, hlutverkaspilari, píparanemi og lestrarhestur. Hún hefur komið víða við en jafnan staldrað stutt á hverjum stað í leit að lífsreynslu og þekkingu.

Hvaða bók ertu að lesa núna?

Ég er núna að renna í gegnum *Discworld* bækurnar eftir Terry Pratchett á hljóðbókum í fimmta skipti en sumar bækurnar hef ég lesið miklu oft. Þetta er þægindahlustun þegar ég er að vinna í hesthúsinu, keyra, labba eða sofna. Eins og að hafa gamlan vin að segja mér traustvekjandi sögur. Ég er líka með nokkrar í fyrstu umferð *Crooked Kingdom* eftir Leigh Bardugo, ungmennabækur sem fengu sterk meðmæli frá lestrarvinkonunum. *The Waste Lands* eftir Stephen King byrjaði ég að lesa af því að hún tengist hlutverkaspili byggt á *Dungeons & Dragons* kerfinu sem ég spila með hóp af vinum. *Driver dug, Falder regn* eftir Margit Sönderholm les ég til að viðhalda dönskunni. Já og *A Dirty Job* eftir Christopher Moore sem ég fann í meðmælum á Storytel og kom mér skemmtilega á óvart.

Hvernig bækur höfðu helst til þín?

Ævintýri, fantasíur, furðusögur, ráðgátur og allt sem hefur góðan þráð eða spennandi uppsetningu. Uppáhaldsbækurnar mínar í bernsku voru um *Pétur og Brand*, ljóðabókin *Komdu kisa mín, Enn hvað það var skrítið*, *Helgi skoðar heiminn*, *Ástarsaga úr fjöllum* og *Goð og garpar* eftir Brian Branston. Allt bækur sem ég elska enn þann dag í dag.

Ertu alin upp við bókalestur?

Mamma og pabbi lásu mjög mikið fyrir mig og Jökul bróður og aðal umkvörtunarefni Jónheiðar frænku, þegar hún passaði okkur, var að það var aldrei hægt að hoppa yfir nokkrar blaðsíður í kvöldlestrinum því þá tautaði ég tveggja ára „svona á þetta ekki að vera“ og þuldi svo upp það sem hún hafði stokkið yfir. Þannig kunni ég

flestar sögubækurnar okkar utan að áður en ég gat farið að lesa þær sjálf. Við fluttum svo til Danmerkur þegar ég var fimm ára og mamma lagði mikið upp úr því að ég kynni að lesa á íslensku áður en ég byrjaði í dönskum skóla. Ég var því fluglæs á báðum tungumálum þegar við fluttum heim þremur árum seinna. Ég byrjaði í þriðja bekk í Helluskóla og þar var fastur leslisti sem krakkarnir þyrftu að fara í gegnum með hækandi erfiðleikastigi frá *Ásu og Lása* í gegnum *Dúbba Dúfu* og svo loks til bóka eins og *Sprengjusérfræðingsins* sem ég var mjög spennt að lesa en þurfti fyrst að vinna mig í gegnum listann. Þetta drap svo hrott lestrargleði mína að ég var næstum því hætt að lesa.

Ég var svo langt leidd af lestrardrápi að þegar ég fékk *Harry Potter* og *viskusteininn* í níu ára afmælisgjöf gaf ég henni ekki séns fyrr en mamma las fyrsta kaflann fyrir mig. Ég kláraði hana næstu nótt. Eftir það var ekki aftur snúið. Meðan ég beiddi eftir næstu bók réðst ég á bókasafn grunnskólans og voru það barnabækur Yrsu Sigurðardóttur þar lágu *Danir í því*, *B 10* og *Barnapíubófinn*, *Búkolla* og *bókarræninginn* sem héldu mér við lestur langt fram yfir miðnætti og vöktu foreldra mína með hlátrasköllum. Agatha Christie svaraði ráðgátuþörfinni, *Hringadróttinssaga*, *Gyllti áttavittinn*, *Stravaganza* og *Gusts* bækurnar héldu ævintýraþránni við. Á unglingsárunum byrjaði ég að lesa á ensku (gat ekki beðið eftir þýðingu á fimmtu *Harry Potter* bókinni) sem opnaði nýja heima. Þá arfleiddi besta vinkona mín mig að bókakassa og gaf mér eina með þeim orðum að „þessi er ekki fyrir mig. Þetta er einhver fantasía. Þú fílar svoleiðis.“ Það var bókin *Neverwhere* eftir Neil Gaiman og eftir að hafa lesið hana á mettíma skilaði ég henni aftur til Hörpu og bað hana að gefa henni annan séns sem hún og gerði. Síðan þá höfum við lesið allt sem Gaiman hefur skrifað.

En hvernig lýsir þú lestrarvenjum þínum? Ólíkt mörgum sé ég ekkert að því að nýta mér tæknina við lestur, lykt af bókum og pappírs tilfinningin er kósí en góð saga sem kveikir í manni skiptir mestu máli. Ég keypti mér



Salka Jóhannsdóttir.

Kindle-lesbretti þegar það var ennþá frekar nýtt fyrirbæri og fékk þá loksins skjótan aðgang að bókum sem ekki hafa verið þýddar eða gefnar út á Íslandi nema kannski fyrsta bindi eins og *Howl's Moving Castle* og *Chrestomanci* séríum Diana Wynne Jones. Ég les minna á bók/bretti núna en ég gerði fyrir fimm árum en nýti mér hljóðbækur óspart. Þær hafa sína kosti og galla en gefa mér það sem ég elska mest við bækur og það er að ferðast um stund í öðrum heimi og leiða hugann að mér ótengdum vandamálum sem leysast að lokum í síðustu köflum bókarrinnar.

Áttu þér einhverja uppáhaldshöfundu?

Uppáhaldshöfundar mínir eru Neil Gaiman, Terry Pratchett, Diana Wynne Jones og J.R.R. Tolkien fyrir að hafa víkkað skilning minn á hvað ævintýri getur verið.

Hefur bók einhvern tímann rænt þig svefni?

Ég get sofnað við góðan lestur á bók sem ég þekki en ef ég er búin að kaupa mig inn í söguna þá get ég lesið til morguns eða til söguloka.

En að lokum Salka, hvernig bækur myndir þú skrifa sem rithöfundur?

Ég myndi vilja skrifa ævintýri eða furðusögur. Þær hafa skoppað um í hausnum á mér síðan ég var barn en það er ekki nóg að eiga góða hugmynd, það þarf að skrifa og skrifa á hverjum degi og það er vani sem ég er ennþá að venja mig á.

82%

Sunnlendinga
lesa Dagskrána
í hverri viku



blómaval HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

Spennandi störf í timbursölunni hjá Húsasmiðjunni á Selfossi

Vilt þú vera með okkur í liði?

Vegna aukinna umsvifa leitum við að hressum og duglegum aðilum í timburafgreiðslu Húsasmiðjunnar á Selfossi. Um er að ræða framtíðarstörf og 100% starfshlutfall.

Helstu verkefni eru tiltekt og afgreiðsla pantana til viðskiptavina og önnur almenn lagerstörf. Við leitum að öflugum og jákvæðum einstaklingum sem eru tilbúnir að leggja sitt af mörkum við að veita viðskiptavinum okkar framúrskarandi þjónustu.

Hæfniskröfur

- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Sterk öryggisvitund
- Almenn tölvukunnátta
- Lyftarapróf, J réttindi eru kostur

Nánari upplýsingar um störfin gefur Sverrir Einarsson rekstrarstjóri á sverrir@husa.is. Umsóknarfrestur er til og með **23. maí 2021**. Öllum umsóknum verður svarað. Sótt er um á ráðningarvef Húsasmiðjunnar www.husa.is/laus-storf

Gildin okkar eru:

Áreiðanleiki

Þjónustulund

Þekking

Við hvetjum alla áhugasama til þess að sækja um, óháð kyni.

Húsasmiðjan og Blómaval bjóða upp á lifandi starfsumhverfi og frábæran starfsanda. Við leggjum mikla áherslu á símenntun og fræðslu og að starfsmenn fái tækifæri til þess að eflast og þróast í starfi. Starfsmannafélag Húsasmiðjunnar er öflugt og stendur fyrir fjölbreyttum og skemmtilegum uppákomum yfir árið.





Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - [f/keyrsla.is](https://www.facebook.com/keyrsla.is)



STARFSMAÐUR ÓSKAST

Fiskmarkaður Íslands í Þorlákshöfn auglýsir eftir starfsmanni í sölu, móttöku og afgreiðslu á fiski. Um ræðir 100% starf þar sem unnið er talsvert á lyftara sem og í samskiptum við viðskiptavini og aðra þjónustuaðila.

- Æskilegt er að umsækjandi hafi Lyftararéttindi
- Æskilegt er að umsækjandi haf grunnþekking í tölvum
- Umsækjandi þarf að hafa afbragðs færni í samskiptum, jákvætt viðmót og ríka þjónustulund
- Umsækjandi þarf að vera 18 ára eða eldri
- Ferilskrá kostur

Umsóknarfrestur til 21. maí n.k.

Fyrir áhugasama hafið samband við:
 Vilhjálm Garðarsson stöðvarstjóra
 Netfang: villi@fmis.is - Sími: 430-3733, 840-3733

 



Er um við að leita að þér?

MATRÁÐUR ÓSKAST!

Landstólpi óskar eftir að ráða duglegan og jákvæðan starfsmann í framtíðarstarf sem matráð í mótuneyti og í ræstingar á skrifstofu- og verslunarhúsnæði í Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi.

Hæfniskröfur:

- Reynsla sem matráður eða úr sambærilegu starfi er kostur
- Góð íslenskukunnátta.
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð.

Vinnutíminn er frá kl: 08:00 til 14:00 alla virka daga eða eftir samkomulagi.

Nánari upplýsingar veitir Margrét Hrund Arnarsdóttir margrethrund@landstolpi.is

Aðeins er tekið við umsóknum í gegnum tölvupóst. Umsóknarfrestur er til og með 16. maí.

 **LANDSTÓLPÍ**

Spennandi strengjatónleikar í Hveragerðiskirkju

Strengjasveitin Íslenskir Strengir var stofnuð árið 2017 en hefur á þessum stutta starfsferli komið víða við og haldið marga tónleika auk þess að frumflytja fjölda nýrra verka. Á tónleikunum í Hveragerðiskirkju endurtekur sveitin tónleika sem haldnir voru í Norðurljóssal Hörpu 2. maí síðastliðinn. Þar voru tvö verkanna á efnisskránni frumflutt, *Söknuður* eftir Kristínu Lárusdóttur, þar sem íslensku kvæðahefðinni er fagurlega flétt inn í samspil strengja og klarínnettuleiks, og *Corona* eftir Hrólfi Sæmundsson. Það síðastnefnda samið árið 2020 á meðan tónskáldið var að kljást við veiruna títtnefndu. Einnig verður



flutt verkið *Elegy* fyrir strengi og klarínnett eftir John Speight, en einleikari er Ármann Helgason. Stjórnandi hljómsveitarinnar er Ólöf Sigursveinsdóttir og konsertmeistari Chrissie Thelma

Guðmundsdóttir. Tónleikarnir í Hveragerðiskirkju verða haldnir sunnudaginn 16. maí og hefjast kl. 17:00. Miðaverði við innganginn er stíllt í hóf.

Ferðapjónustan og náttúra Suðurlandæmis

Náttúra Suðurlandæmis er í senn áhugaverð og ólík en einnig yfirþyrmandi og óbeisluð. Hið magnaða sambland íss og elds, beljandi jökulfljóta, formfagurra fossa, svartra stranda og blómlegra landbúnaðarhéraða dregur að erlenda sem innlenda ferðamenn og nær á þeim heljartökum. Í þessu felst mikil gæfa fyrir Suðurlandæmi en einnig áskoranir.

Utan höfuðborgarsvæðisins sækja flestir erlendir ferðamenn Suðurlandæmi heim af öðrum landshlutum. Það kemur okkur sem búum í kjördæminu kannski ekki á óvart en rannsóknir sýna að nánast allir þeir ferðamenn sem hafa heimsótt Suðurlandæmi eru mjög eða frekar ánægðir með dvöl sína í landshlutunum. Við vitum hversu fallegt hér er, en þetta staðfestir mikilvægi landshlutans hvað varðar orðspor Íslands erlendis og mikilvægi þess í ferðapjónustu á Íslandi.

Ferðapjónustan og frjálsa framtakið

Það má segja að við hér í Suðurlandæmi höfum fengið ferðapjónustuna bratt í fangið

á árunum eftir fjármálahrunið. Víða voru innviðir ekki tilbúnir til að mæta auknum fjölda ferðamanna og hin opinbera umgjörð hafði ekki verið byggð upp í kringum ferðapjónustuna líkt og nú er, hvað sem fólk finnst um eðli hennar og gagn í dag. Það var því að mestu frjálsa framtakið sem tók á móti straumi erlendra ferðamanna, byggði upp, fann upp og hugsaði upp lausnir, afþreyingu og þjónustu.

Það hefur verið ótrúlegt að fylgjast með uppbyggingunni í ferðapjónustunni í Suðurlandæmi síðasta áratuginn. Þjónustan og afþreyingin sem ferðamönnum er nú boðið upp á er ótrúlega fjölbreytt en jafnframt áhugaverð og eftirsótt. Ferðapjónustan er eitt dæmið af mörgum um hvernig frjálsa framtakið getur gert ótrúlega hluti fái það tækifæri til að blómstra.

Að loknum heimsfaraldri

Ferðapjónustan er ákaflega þýðingarmikil fyrir Suðurlandæmi. Straumur erlendra gesta og hugvitssemi og frumkvöðlaandi íbúa Suðurlandæmis hefur

Guðrún Hafsteinsdóttir

í prófkjöri fyrir Sjálfstæðisflokk



gert það að verkum að fólk getur búið áfram í sinni sveit og sinnt oft stórkostlega skemmtilegri vinnu með áhugasömum erlendum gestum.

Nú þegar sést til lands í baráttunni við heimsfaraldurinn er ljóst að ferðapjónustan mun vera ein af lausnumum við það mikla atvinnuleysi sem nú er á Íslandi og því þurfa stjórnvöld að halda áfram stuðningi sínum við aðila í ferðapjónustu þannig að ferðapjónustan verði í stakk búin við að taka á móti öllum þeim erlendum ferðamönnum sem hyggja á ferðir til Íslands. Ég trúi því að Ísland og Suðurlandæmi allt verði í fararbroddi þegar fólk byrjar að ferðast á ný.

Eflum Suðurlandæmi!

Guðrún Hafsteinsdóttir
 í 1. sæti í prófkjöri
 Sjálfstæðisflokksins í
 Suðurlandæmi.

Gerum flott prófkjör!

Ásmundur Friðriksson
 alþingismaður



Í lok mánaðarins 29. maí lverður prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Suðurlandæmi vegna Alþingiskosninganna 25. september nk. Ég hef ákveðið að gefa kost á mér í 2. sæti á lista flokksins og bið um stuðning í það sæti. Ég hef setið á Alþingi síðan í apríl 2013 og látið helst til mín taka á vettvangi atvinnu- og velferðarmála og setið í þeim nefndum frá fyrsta þingdegi. Það þekkja mig flestir fyrir festu í málum og dugnaði við að halda sambandi við kjósendur í mínu kjördæmi

og reyndar um land allt. Það skiptir miklu fyrir okkur sem tökum þátt í prófkjöri að það fari vel fram og verði flokknum og þátttakendum til sóma og framdráttar í kosningunum í september. Ekkert er betra fyrir góð kosningaúrslit Sjálfstæðisflokksins en fjölmennt og vel sótt prófkjör í aðdraganda kosninga. Það er fjölbreyttur hópur góðra frambjóðenda í prófkjöri en engin ástæða önnur en að niðurstaðan verði góður listi fyrir Sjálfstæðisflokkinn í Suðurlandæmi. Það er merkileg upplifun að vera elstur þátttakenda en ég finn ekki að krafturinn hafi minnkað fyrir vikið. Ég legg mikið upp úr að vinna vel með öðrum frambjóðendum og vera

fyrirmynd í öllu samstarfi við þau öll. Ég hef síðustu vikur farið með öðrum frambjóðendum í heimsóknir um kjördæmið og lagt mig fram um að kynna okkar frábæru frambjóðendur.

Ég óska eftir stuðningi ykkar í 2. sætið og hvet fólk til þátttöku í prófkjöri. Við skulum kjósa af ábyrgð svo listinn endurspeglir vilja kjósenda í öllu kjördæminu og dragi þá á kjörstað í kosningunum að hausti.

Með vinsemd og virðingu,
 Ásmundur Friðriksson,
 alþingismaður.

DAGSKRÁIN
 FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Sími 482 1944 eða
auglysingar@dfs.is

Hreinsunarátak 2021

Hreinsunarátak verður í Sveitarfélaginu Árborg 17.-22. maí. Íbúar eru hvattir til að taka vel til í kringum sig eftir veturinn, hreinsa lóðir sínar, tína rusl, sópa gangstéttar og leggja sitt af mörkum til að fegra umhverfi okkar.

Á meðan á hreinsunarátaki stendur fellur gjaldtaka á gámasvæði niður.

Tekið er á móti garðaúrgangi á gámasvæðinu við Víkurheiði sem og í gryfju austan hesthúsahverfis á Stokkseyri.

Íbúar eru beðnir um að passa vel upp á að flokka rétt í gámana þar sem blöndun getur rýrt endurvinnslugildið og valdið auknum kostnaði. Eins er fólk beðið um að hafa samband við starfsmenn gámasvæðis séu gámar fullir.

Hreinsunarátakið hefst 17. maí og stendur til laugardagsins 22. maí.



RAFRAENN Frímiði!

Frímiðar á gámasvæði verða gefnir út á rafrænu formi og má nálgast þá á heimasíðu Árborgar undir „Mín Árborg“.

Hægt verður að nálgast frímiða á gámasvæðið frá og með 17. maí 2021.



**Sveitarfélagið
ÁRBORG**

Flokkun sorps í Sveitarfélaginu Árborg

Í Árborg er þriggjatunnukerfi sem samanstendur af grátunnu, blátunnu og brúntunnu.

Í **bláu tunnuna** má setja allan pappír, pappa og plastumbúðir:

- ✓ Plastumbúðir
- ✓ Auglýsingapóst
- ✓ Bylgjupappír og pizzakassa
- ✓ Dagblöð og tímarit
- ✓ Eggjabakka
- ✓ Fernur og plastmál
- ✓ Umbúðir úr sléttum pappa
- ✓ Morgunkornspakka
- ✓ Pappapakningar af matvælum, s.s. kexi og pasta
- ✓ Prentpappír og umslög
- ✓ Málma í lausu

Í **gráu tunnuna** má setja:

- ✓ Allt almennt heimilissorp í poka

Rafhlöður, spilliefni og raftæki má hvorki setja í blátunna né grátunna. Þeim skal skilað á gámasvæði sveitarfélagsins að Víkurheiði 4 á Selfossi.

Í **brúnu tunnuna** má setja:

- ✓ Lífrænan eldhúsúrgang.



Dæmi: Ávextir, eldaða kjöt- og fiskafganga, brauðmeti, kaffikorg, tannstöngla, tepoka o.fl.

Stór bein eiga ekki að fara í brúnu tunnuna þar sem niðurbrot þeirra er afar hægt.

Íbúar eru hvattir til að pressa umbúðir vel saman þannig að minna fari fyrir þeim í tunnuni og í flutningi. Aðskotahlutir rýra endurvinnslugildi og valda auknum kostnaði svo passa þarf vel að ekkert aukarusl berist í blátunna. Fjarlægja þarf allar matar- og efnaleifar af umbúðum sem fara í blátunna.

Gámasvæði

Gámasvæði sveitarfélagsins að Víkurheiði 4 á Selfossi er móttökustöð fyrir fleiri flokka en flokkast með þriggjatunnukerfi. Íbúar eru hvattir til að nýta sér þá þjónustu. Á gámasvæðinu er m.a. tekið á móti spilliefnum, flokkuðu plasti, raftækjum og garðaúrgangi svo eitthvað sé nefnt. Nánari upplýsingar um flokkunarmöguleika má finna á www.arborg.is.

Á gámasvæðinu geta íbúar jafnframt nálgast mold, sand, drenmöl og hrossaskít. Íbúar moka sjálfir á kerrur sínar og greiða fyrir hverja kerrufyllingu. Molta er einnig aðgengileg íbúum á gámasvæðinu og er hún endurgjaldslaus.

Opnunartími gámasvæðis 2021

Mánudaga	kl. 10:00-17:00
Þriðjudaga	kl. 10:00-17:00
Miðvikudaga	kl. 10:00-18:30
Fimmtudaga	kl. 10:00-17:00
Föstudaga	kl. 10:00-17:00
Laugardaga	kl. 10:00-17:00
Sunnudaga	Lokað

Íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

Sigur í fyrsta leik sumarsins

KNATTSPYRNA Selfoss vann öruggan 3-0 útisigur á Keflavík í fyrsta leik tímabilsins í Pepsi Max deildinni í seinustu viku.

Fyrri hálfleikur var frekar bragðdaufur en stelpurnar okkur stjórnuðu leiknum þó ágætlega. Brenna Lovera kom okkur yfir í lok fyrri hálfleiks eftir fyrirgjöf frá Hólmfríði Magnúsdóttur.

Í seinni hálfleik var sama saga þar sem Selfoss stýrði leiknum. Brenna bætti við öðru marki úr víti á 65. mínútu, sem dæmt ver eftir að brotið var á Hólmfríði inni í teig, og er hún þar með búin að stimpla sig vel inn í liðið. Fríða kláraði leikinn með marki á 81. mín með skoti frá D-boganum, greinilegt að hún á nóg inni.



Selfyssingar gerðu góða ferð til Keflavíkur. Ljósmynd: Umf. Selfoss

Næsti leikur hjá stelpunum okkar var á Akureyri í gær, þriðjudag, en þær taka á móti

Stjörnunni í fyrsta heimaleik sumarsins á laugardag kl. 16:00. -Umf. Selfoss/iri

Vestanhvellingur á JÁVERK-vellinum

KNATTSPYRNA Nýliðar Selfoss léku fyrsta leik tímabilsins í Lengjudeildinni á laugardag þegar lið Vestra kom í heim-sókn.

Heimamenn fengu skell þar sem Vestramenn voru mun beittari í upphafi leiks og skoruðu þrjú mörk á fyrstu tuttugu mínúturnum án þess að Selfyssingar

fengju rönd við reist. Ekki dró til frekari tíðinda í leiknum sem lauk með 0-3 sigri gestanna. -UMFS/lfg

Tap gegn Val en góður sigur fyrir norðan

HANDBOLTI Strákarnir okkar léku tvo leiki í Olísdeildinni í seinustu viku. Fyrri leikurinn, á heimavelli gegn Val, tapaðist en í þeim seinni sóttu strákarnir tvö góð stig á Akureyri.

Selfyssingar tóku á móti Val fyrir viku síðan. Þrátt fyrir frábæra byrjun töpuðu strákarnir með fimm mörkum.

Selfoss byrjaði mun betur í leiknum og skoruðu fjögur mörk fyrstu mörk leiksins, staðan var fljótlega orðin 9-2 og allt stefndi í magnaðan sigur Selfyssinga. Valsmenn voru ekki á sama máli og komu sér aftur inn í leikinn með hjálp Selfyssinga. Staðan var orðin 12-12 þegar um fimm mínútur voru eftir af fyrri hálfleik og 15-15 þegar liðin gengu inn í klefa í hálfleik.

Leikurinn var í járnnum allt þar til í stöðunni 21-21, en þá skoruðu Valsmenn fimm mörk í röð.

Selfyssingar náðu aldrei að brúa þennan mikla mun og lokatölur 26-31 fyrir Val.

Sex marka sigur fyrir norðan

Selfoss fór norður á sunnudag og sótti tvö góð stig gegn Þór Akureyri.

Þórsarar byrjuðu leikinn betur en Selfoss jafnaði í stöðunni 5-5. Eftir það var leikurinn nokkuð jafn, en í stöðunni 10-10 sigu Selfyssingar fram úr, staðan í hálfleik var 11-13.

Selfyssingar voru betri aðilinn í seinni hálfleik og voru fljótlega komnir með sex marka forystu, 12-18. Þá forystu létu þeir vinnraða aldrei af hendi og endaði leikurinn með nokkuð öruggum sigri, 21-27.

Selfoss er í 5. sæti Olísdeildarinnar með 22 stig. -Umf. Selfoss/esó



Frábær skemmtun á páskamóti

JÚDÓ Páskamót JR og Góu var haldið föstudaginn 30. apríl og laugardaginn 1. maí en því hafði áður verið frestað vegna samkomubanns.

Mótið fór nú fram í fimmtándasta skipti og var opið öllum júdóklúbbum eins og venjulega. Það var fyrst haldið árið 2005 en féll niður í fyrra vegna Covid-19 og af sömu ástæðu var því núna skipt í tvo hluta.

Á föstudaginn var keppt í aldursflokki 11-14 ára og á laugardaginn í aldursflokki 7-10 ára. Þátttakendur voru 65 frá fjórum félögum, Grindavík, Sel-



Yngri keppendur Selfoss. Ljósmyndir: Umf. Selfoss/EOA

fossi, ÍR og Júdófélagi Reykjavíkur (JR).

Mótið var frábær skemmtun, margar stórglæsilegar viður-

eignir sáust. Gaman er að því hve stór hluti keppenda voru stúlkur enda mikið af stelpum í júdó. -Umf. Selfoss/eoa



Eins marks tap í spennuleik

HANDBOLTI Selfoss tapaði á föstudag fyrir ÍR í síðasta leik sínum í Grill 66 deildinni þennan veturinn.

Leikurinn var mjög jafn, en Selfoss var alltaf skrefinu á undan. Staðan í hálfleik var 11-11. Áfram héldu stelpurnar uppteknum hætti og voru með frumkvæðið þar til í stöðunni 21-21, þegar um átta mínútur voru eftir. Þá komust ÍR-ingar í fyrsta skipti yfir í leiknum. Svo fór að ÍR vann með einu marki, 24-23, eftir æsispennandi lokamínútur.

Mörk Selfoss: Tinna Sigurrós Traustadóttir 8, Agnes Sigurðardóttir 6, Rákel Guðjónsdóttir 3, Hugufrín Tinna Róbertsdóttir og Elínborg Katla Þorbjörnsdóttir 2, Inga Sól Björnsdóttir og Elín Krista Sigurðardóttir 1. Varin



Tinna Sigurrós var markahæst Selfyssinga með átta mörk. Ljósmynd: Umf. Selfoss/ÁBG

skot: Lena Ósk Jónsdóttir 10.

Selfoss endaði í botnsæti Grill 66-deildarinnar, með 4 stig eftir afar lærdómsríkt tímabil.

Næsti leikur hjá stelpunum okkar er jafnframt lokaleikur þeirra í vetur. Þá fara þær í Breiðholtið þar sem þær mæta ÍR á föstudagskvöldið kl. 19:30.

-Umf. Selfoss/esó



Lisbeth Viðja, Elísabet Líf, Weronika, Anton Óskar, Vikar Rey, Thelma Lind, Sólís Lilja, Lea Mábil og Víkingur Almar. Á myndina vantar Klemens Högild, Viktor Loga og Guðmund Ólaf.

Garpur með 13 verðlaun á Íslandsmóti

BORÐTENNIS Borðtennis-íðkenndur í Garpi gerðu það gott á nýafstöðnu Íslandsmóti í borðtennis. Alls voru tólf Garpar skráðir til leiks í einliða-, tvíliða-

og tvenndarleikjum. Þar af komust sjö á pall og unnu samanlagt til þrettán verðlauna. Allir stóðu sig með stakri þrýði og urðu sér félaginu til mikils sóma.



Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Hafðu samband í sími 482 1944 eða á auglysingar@dfs.is.



Útsýnis- og veitingastaðurinn

Hafid blaa

við ósa Ölfusár er til leigu.
Laust strax.

Upplýsingar í síma 897 7467 / 892 0367
eða á hafidblaa@hafidblaa.is.

Kosning utan kjörfundar í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar er hafin í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi 29. maí nk.

Kosið er m.a. á Selfossi, í Hveragerði og í Þorlákshöfn.

Á Selfossi er kosið að Austurvegi 6, 3. hæð, dagana 17. – 28. maí, mánudaga til laugardaga, milli kl. 17 og 20.

Í Hveragerði er kosið í Sjálfstæðishúsinu, Mánamörk 1, milli kl. 19 og 21 dagana 18., 25. og 27. maí.

Í Þorlákshöfn er kosið að Unubakka 3a milli kl. 19 og 21 dagana 13., 18., 20., 25., 26., 27. og 28. maí.

Upplýsingar um frambjóðendur í prófkjörinu og kosningu utan kjörfundar á öðrum stöðum í kjördæminu má finna á xd.is.
Grímuskylda á kjörstað. Minnum á skilríki.

Yfirkjörstjórn

D

Aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjóri og leikskólakennari óskast í leikskólann Krakkaborg, Flóahreppi



Krakkaborg er þriggja deilda leikskóli og að jafnaði dvelja þar um 45-50 börn frá 9 mánaða aldri. Leikskólinn er Grænfána-leikskóli og er lögð rík áhersla á umhverfismennt og grenndarkennslu. Leikskólinn starfar einnig eftir hugmyndafræði John Dewey „lærum af reynslunni“ (learning by doing). Hér er góður starfsmannahópur og góður starfsandi, yndisleg börn og jákvæðir foreldrar. Umhverfi leikskólans er náttúrulegt og býður upp á óendanlega möguleika til náms og leikja.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og Félags leikskólakennara. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf í byrjun ágúst 2021. Þegar hæfasti umsækjandi hefur verið valinn verður óskað eftir undirritaðri heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá viðkomandi.

Með umsókn skal fylgja skrá yfir menntun og starfsferil, ásamt afriti af leyfisbréfi, upplýsingar um umsagnaraðila og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar með rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sara Guðjónsdóttir, leikskólastjóri í síma 480 0151. Hægt er að sækja um starfið með því að senda tölvupóst á leikskoli@floahreppur.is en einnig er hægt að sækja um starfið á heimasíðu leikskólans <http://krakkaborg.leikskolinn.is/>.

Umsóknafrestur er til 2. júní 2021.



Starfsvið:

- Starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá leikskóla og stefnu viðkomandi sveitarfélags.
- Ber ábyrgð á stjórnun, skipulagningu, framkvæmd og mati á starfi deildarinnar
- Vinnur að uppeldi og menntun barna.
- Foreldrasamstarf.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun eða önnur uppeldismenntun, ef ekki fæst menntaður einstaklingur þá koma aðrar umsóknir til greina.
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum og starfi.
- Metnaður og áhugi fyrir faglegu leikskólastarfi.
- Frumkvæði og jákvæðni.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.



VISS, vinnu- og hæfingarstöð á Hvolsvelli óskar eftir að ráða leiðbeinanda

VISS, vinnu og hæfingarstöð óskar eftir að ráða leiðbeinanda í 50% stöðu frá 1. ágúst nk. Vinnutími frá kl. 8 -12. VISS er vinnustaður fyrir fólk með skerta starfsgetu. Þar sem unnið er eftir hugmyndafræði þjónandi leiðsögn og Sjálfstætt líf. Leiðbeinandinn vinnur samkvæmt lögum 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 auk tengdra reglugerða.

Meginverkefni:

- Veita persónulegan stuðning, einstaklingsmiðaða og sveigjanlega þjónustu.
- Umsjón verkefna sem krefjast töluverðar þekkingar á ákveðnu sviði starfsstöðvarinnar.
- Starfsmaður skal geta veitt fullnægjandi upplýsingar og leiðbeiningar til fatlaðra starfsmanna
- Efla og styðja sjálfstæði starfsmanns til virkni félagslega og í starfi.
- Veita stuðning og umönnun með þarfir starfsmannsins í huga.
- Veita persónulega aðstoð við athafnir daglegs lífs.
- Fylgja eftir einstaklings-/ þjónustuáætlunum og vinnuferlum
- Skipuleggja og forgangsraða störfum sínum í samráði við viðkomandi yfirmenn.

Hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla í starfi með fötlðuð fólk
- Leiðtoga- og skipulagshæfileikar
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og góð þjónustulund
- Almenn tölvukunnátta æskileg

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Vinnustaðir endurspeglir fjölbreytileika samfélagsins.

Nánari upplýsingar veitir Ragnhildur Jónsdóttir, forstöðuþroskaþjálfari VISS, ragnhildur@arborg.is, sími 480 6920 og 899 7254 og Gunnsteinn Sigurðsson, deildarstjóri VISS, gunnsteinn@felagsmal.is, sími 837 3668.

Umsóknarfrestur er til 1. júní 2021. Öllum umsóknum verður að fylgja upplýsingar um menntun og starfsreynslu.

Rangárþing eystra er heilsueflandi samfélag í stöðugri sókn. Sveitarfélagið leggur ríka áherslu á samvinnu, virðingu og velliðan á vinnustað.

Rafhlaupahjól standa vegfarendum á Selfossi til boða

Selfyssingum stendur nú til boða að leigja sér svo kölluð ZOLO hlaupahjól. Í samtali við Adam Helgason, framkvæmdarstjóra ZOLO kemur fram að upphafi verði um 20 hjól til leigu víðsvegar um bæinn. Það standi svo til að auka það um þrjátíu hjól í lok mánaðarins. "Við hjá ZOLO erum full tilhlökkunar að geta boðið Selfyssingum upp á grænni og skemmtilegari ferðamáta. Hlaupahjólin eru auðveld í notkun og verða í boði til allra sem eiga snjallsíma, en eina leiðin til að geta leigt sér rafhlaupahjól er í gegnum appið okkar sem hægt er að finna í App store og Google play," segir Adam í samtali við dfs.is. Aðspurður um ástæður þess að hefja starfsemi á Selfossi segir Adam: "Nú þegar Selfoss er í mikilli uppbyggingu og nýr miðbær á leiðinni þá teljum við ZOLO tilvalda viðbót við samgöngur í bænum. Einnig hef ég alltaf átt mikil tengsl við Selfoss og eyddi miklum



tíma þar sem barn hjá ömmu minni, Aðalheiði Jónasardóttir heitinni og þykir mér gaman að fá loksins afsökun til að heimsækja Selfoss oftari!"

Markmiðin hjá Adam eru einföld. Draga út kolefnismengun og það megi gera með því að bjóða upp á grænni og skemmtilegri ferðamáta. Hann hvetur fólk til að skilja bílinn eftir heima og nýta sér hjólin í lengri og skemmri skutl.

10. bekkur í Vallaskóla gróðursetur tré



Nemendur í 10. bekk Vallaskóla á Selfossi fóru skemmtilega leið í fjóröflun sinni fyrir útskriftarferðalag þeirra í vor. Þau gróðursettu tré á svæðinu við Eyrarbakkavegamót hjá Þorlákshöfn.

SKJÁLFTINN

2021

- hæfileikakeppni grunnskólanna á Suðurlandi

verður aðgengilegur á **16. maí kl. 18:00**

(Atriðin eru tekin upp laugardaginn 15. maí)

Úrslitin verða tilkynnt kl. 20:00 'live' á instagram síðu Skjálftans:
[instagram.com/skjalfinn](https://www.instagram.com/skjalfinn)

Þá mætir Salka Sól, formaður dómnefndar, til sigurliðsins með farandverðlaunagripinn.

Skjálftalagið 2021 - Bassi Maraj.

Skólar með atriði:
 Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri - Vallaskóli
 Sunnlækjarskóli - Bláskógaskóli Laugarvatni - Bláskógaskóli Reykholti
 Kerhólskóli - Grunnskólinn í Hveragerði - Grunnskólinn í Þorlákshöfn

Nánari upplýsingar á [skjalfinn.is](https://www.skjalfinn.is)

Árborgarsíðan

Fréttir og fróðleikur frá Sveitarfélaginu Árborg

Tökum Árborgarstrætó inn í framtíðina

Íbúar Árborgar eru hvattir til að nýta sér þjónustu Árborgarstrætó, sem nú er gjaldfrjálst fyrir alla, þannig að skýrari mynd fái af þörfinni sem Árborgarstrætó er ætlað að uppfylla. Búast má við að góður strætó geti gegnt mikilvægu hlutverki í Árborg eftir því sem fólki fjölgar.

Auðvelt er að sjá fyrir sér tíðar strætóferðir um Austurvegin sem ganga hring um Selfoss og verða með góðum tengingum niður á ströndina. Ef vel tekst til verður þetta til að gera samfélagið mannvænna og athafnir þess umverfisvænni. Austurvegurinn verður afhentur í umsjá sveitarfélagsins frá Vegagerðinni þegar nýja brúin er komin yfir Ölfusá, sem ætla má að verði árið 2025, og þá verður hægt að búa vel að umhverfi hans eins og sómr hjarta Árborgar.

Eins og fram hefur komið er frítt fyrir alla aldurshópa í Árborgarstrætóinn frá 2. janúar síðastliðnum og geta því allir íbúar Árborgar nýtt sér innanbæjarstrætó endurgjaldslaust. Nú er einnig ekið bæði laugardaga og sunnudaga. Árborgarstrætóinn nýttist að auki sem frístundaakstur milli þéttbýliskjarna í sveitarfélaginu og tengist við frístundaaksturinn innan Selfoss.



Mikil þróun í stafrænum málum hjá Sveitarfélaginu Árborg

Rík áhersla hefur verið lögð á framfarir í notkun stafrænnar tækni hjá sveitarfélaginu síðustu tvö árin. Á þeim grunni hafa miklar breytingar átt sér stað í ár og í fyrra. Upplýsingatæknideild Árborgar leiðir vinnuna og leiðarljósið er upplýsingatæknistefna Árborgar, sem bæjarstjórn samþykkti á síðasta ári, en einnig hefur Covid faraldurinn haft mikil áhrif á forgangsroðun verkefna.

- Sveitarfélagið Árborg er með í vinnslu Ábendingagátt fyrir íbúa, í samvinnu við Hafnarfjörð. Í sumarbyrjun ættu íbúar þannig að geta komið fram ábendingum um það sem betur má fara.
- Innleiðing á CareOn hugbúnaði og snjalllausn til umsjónar heimaþjónustu.
- Memaxi hugbúnaðurinn hefur verið innleiddur og auðveldar yfirsýn yfir þarfir þjónustupega.
- Verkefnastjórnunarkerfið Azure um verklegar framkvæmdir sveitarfélagsins var tekið í notkun. Kerfið er mikið notað í Evrópu og auðveldar mjög eftirlit með öllum framkvæmdum.
- Kerfi fyrir afgreiðslu á Gámastöð var tekið í notkun sem sparar mikinn tíma og vinnu. Verið að útfæra stafræna snjallsímalausn um fríkort fyrir íbúa í gámastöð.
- Skipt var um kortalausn sveitarfélagsins og er áhersla á að bæta upplýsingum inn á kortavef Árborgar. Unnið er að því t.d. að sýna hlaupa- og hjólaleiðir, bekkir, ruslafötur og aðra þá þjónustu sem gott er að skoða á kortavef.
- Áhersla hefur verið lögð á að færa umsóknir inn í íbúagátta Mín Árborg og þar kennir orðið margra grasa.
- Innleiðing á Planitor-kerfinu er hafin og mun auðvelda íbúum mjög að fylgjast með framgangi mála hjá sveitarfélaginu byggt á málsnúmeri erindis.
- Samráðsvefurinn Betri Árborg var tekinn í gagnið og gefur færi á auknu samráði við íbúa.
- Vefir skóla, leikskóla og Selfossveitna voru uppfærðir í samvinnu við þær stofnanir.
- Selfossveitur hafa sameinað birtingu reikninga fyrir heitt og kalt vatn á einum stað á vefnum
- Samvinna stendur yfir með Stafrænu Íslandi þannig að íbúar geti sótt þjónustu á einn stað óháð búsetu.

- Verkefnastjórnunarkerfið hefur verið innleitt fyrir upplýsingatæknideild, þjónustumiðstöð og lögfræðideild og auðveldar til muna skipulag og forgangsroðun verkefna. Það verður fljótlega tekið upp hjá fleiri deildum.
- Mannauðskerfi og aðgangskerfi eru nú samtengd og því aukin sjálfvirkni í aðgangsheimildum.
- Innleiðing á skýja- og fjarfunda lausnum fyrir vinnu óháð staðsetningu.
- Rafrænar undirskriftir voru markvisst teknar í notkun 2020 og spara tíma og ferðalög.

Öll ofangreind verkefni eru hluti af stafrænni vegferð og til þess fallin að auka afköst sveitarfélagsins við úrvinnslu mála og spara þannig íbúum og starfsfólki tíma, vinnu og fjármagn. Starfsfólk sveitarfélagsins hefur tekið þátt í miklum breytingum og á hrós skilið fyrir þolinmæði og jákvæðni gagnvart öllum þeim nýjungum sem orðið hafa og eru í gangi hjá okkur. Þessar breytingar hafa kallað á lærdóm og nýja þekkingu til viðbótar við önnur dagleg verkefni.

Heilsueflandi samfélag

Vissir þú að sveitarfélagið Árborg er heilsueflandi samfélag?

Heilsueflandi samfélag er heildræn nálgun sem Embætti landlæknis vinnur að í samstarfi og samráði við sveitarfélög, opinberar stofnanir, frjáls félagasamtök o.fl.

Meginmarkmið Heilsueflandi samfélags er að styðja



samfélög í að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra íbúa.

Fjölskyldusvið sendir umsögn v/málefna innflytjenda

Fjölskyldusvið skilaði nýlega inn ítarlegri umsögn um drög að tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2021-2024. Í framkvæmdaáætluninni er ætlað að stuðla að samfélagi þar sem allir geta verið virkir þátttakendur óháð þjóðerni og uppruna, en áhersla er lögð á fimm stöðir sem eru samfélagið, fjölskyldan, menntun, vinnumarkaður og flóttafólk.

Sveitarfélagið Árborg er orðið fjölmenningsarlegt sveitarfélag og samkvæmt nýjustu upplýsingum frá Hagstofu Íslands (2020) hefur fjöldi erlendra ríkisborgara tvöfaldast á síðustu fimm árum. Nú búa um 830 manns með erlent ríkisfang í sveitarfélaginu, auk fjölda íbúa með fjölmenningslegan bakgrunn sem eru komnir með íslenskan ríkisborgararétt. Fjölskyldusvið Árborgar hefur að undanfögnu stigið mörg skref í að gera þjónustuna við þennan fjölbreytta hóp betri en þessi framkvæmdaáætlun getur án efa stuðlað að frekari eflingu málaflokksins.

Að mati fjölskyldusviðsins er framkvæmdaáætlunin metnaðarfull, en mikilvægt er að tryggja að henni fylgi nægjanlegt fjármagn svo unnt sé að framkvæma hana. Auk þess er góð eftirfylgni með áætluninni nauðsynleg. Fjölskyldusvið lýsti í umsögn sinni yfir vilja til að miðla þekkingu og reynslu sem starfsmenn fagsviðsins búa yfir og sem getur nýst í umbótastarfi í þessum málaflökki á landsvísi. Vert er að nefna hér mótun langtímastefnu í mál-efnum innflytjenda, flóttafólks og fjölmenningsar; innleiðingu á stöðumati á þekkingu nemenda af erlendum uppruna á hans sterkasta tungumáli og vinnu að handbók um mótöku og þjónustu við flóttafólk. Af hálfu fjölskyldusviðs voru gerðar nokkrar athugasemdir við einstaka liði umræddrar þingsályktunartillögu sem varða m.a. stöðu barna af erlendum uppruna, félags- og atvinnumálum fullorðinna innflytjenda og gæði samfélags-túlkunar og fræðslu til fagaðila og innflytjenda.



Er ég búin að fá læk?



Er ég búin að fá „læk“? Þetta er hugtak sem ég er búin að kannast lengi við. Ég hef orðið vitni að sem kennari og ráðgjafi hvernig fólk stjórna af því hvort það sé búin að fá líka á mynd sem það var að deila inn á Instagram eða Facebook. Ef það er ekki komin tiltekinn fjöldi „læka“ þá fara sumir einstaklingar að efast um gæði myndarinnar eða það sem verra er, að efast um sjálfa/n sig. Þau ganga kannski svo langt að eyða myndinni og sleppa því að setja inn aðrar myndir í nákominni framtíð af ótta við það að fá ekki nógu mörg „læk“. Þetta getur gerst hjá fólki á öllum aldri.

Á Íslandi er vinsælt forrit sem kallast Snapchat. Þetta forrit er mikið notað hjá yngri kynslóðinni þó svo fullorðnir noti það líka. Það sem fullorðna fólkið veit kannski ekki eða áttar sig ekki á er að eftir að snapchat fór að bjóða upp á svokölluð „streak“ þá er þörf ungmenna til að nota Snapchat mun meiri. Krakkar eru að safna „streak“ með vinum sínum með því að senda mynd á hverjum degi innan ákveðins tíma. Eftir því sem dagarnir líða safnast í streak fjöldann og því fleiri streak sem þú hefur því meira máli skiptir að passa upp á að senda mynd daglega til að missa ekki streak fjöldann. Þegar þú sendir ákveðið oft á ákveðna einstaklinga þá detta þeir inn í „best friends“ hlutann á Snapchat. Fyrir suma þýðir þetta einungis að þú sérð hversu mikið þú notar Snapchat og við hverja þú hefur



mest samskipti sem er gott og gilt. Fyrir aðra geta þessi streak orðið það mikilvægasta í lífi viðkomandi. Streak fjöldi getur orðið mælikvarði á þá vináttu sem þú átt og ef þeir halda ekki áfram að senda myndir og safna streak getur viðkomandi óttast að hann missi hinn aðilann sem vin. Ég hef heyrt að sumir unglingar hafi jafnvel leyft vinum sínum að fá aðgang að sínum snapchat reikningi til að halda sínu streak áfram ef þeir geta ekki gert það sjálfir. Ef þeir t.d. eiga að vera án síma um einhvern tíma. Eins og þetta gefur til kynna getur myndast þrýstingur og kvíði og jafnvel einhverskonar þráhyggja út af þessu. Þetta getur orðið svo alvarlegt að úr verði „streak“ fíkn.

Á Snapchat viðhengst einnig ákveðinn samskiptamáti sem margir fullorðnir átta sig ekki á. Það var sá tími sem stóð ógn af Snapchat þar sem þar átti sér stað rafrænt einelti í formi mynda sem voru voru sendar en hurfu svo. Um þetta hefur verið opin umræða sem er góð og gild. Svar margra við því ef þau fá þannig skilaboð er að taka svokallaða skjámynd til að eiga sönnun um þau orð sem hafa verið sögð. Það er mikilvægt og það skiptir máli að halda umræðu um rafrænt ofbeldi á lofti.

Það sem mig langar hinsvegar að leggja sérstaka áherslu á hér í þessum pistli eru þau önnur samskipti sem geta átt sér stað innan Snapchat. Þessi samskipti kallast á ensku ghosting og blank.

Ghosting: Ef viðkomandi svarar ekki skilaboðunum sem þú sendir til þeirra á Snapchat, þá eru þeir að „ghosta“ þig.

Blank: Mynd af engu, tómum vegg eða einhverju álíka óspennandi er talið vera huns á Snapchat og

öðrum samfélagsmiðlum. Skilgreining: Að hunsu. Ef ungmenni í þínu lífi kvartar undan því á fá myndir af „engu“, veggjum eða einhverju álíka t.d. sendar frá einhverjum sem þeir hafa verið í samskiptum við er gott að taka það alvarlega. Það getur verið vísbending um óheilbrigð samskipti.

Samskipti ungmenna og unglinga fara mjög mikið fram í gegnum Snapchat.

Sem foreldri, kennari og ráðgjafi hef ég áhyggjur af notkun samfélagsmiðla meðal ungmenna og unglinga. Það eru sífellt fleiri börn farin að nota samfélagsmiðla undir 13 ára aldri. Það er mikilvægt að við foreldrar tökum höndum saman, séum upplýst og meðvituð um þá hættu sem getur orðið í samskiptum á samfélagsmiðlum. Séum vakandi og fylgjumst með því sem er að gerast. Mikilvægt er að passa að börnin okkar noti ekki samfélagsmiðla undir 13 ára aldri. Því seinna sem það byrjar því betra.

Ef ungmenni eða unglingur lendir í því að vera „ghostaður“ eða fá myndir sendar af veggjum eða einhverju álíka (huns) þá er líka gott að ræða það hjálpa viðkomandi að átta sig á því að líðan þeirra þarf ekki að ráðast af því hvort einhver sendi þeim snapp eða hvort þau fái x mörg snapchöt af veggjum þann daginn eða ekki.

Það er auðvelt að misskilja. Það er auðvelt að lesa í myndir og textaskilaboð. Notkun samfélagsmiðla getur verið fíknivaldandi og samskiptin sem ungmenni og unglingar eiga þar getur verið skaðleg þó svo að við áttum okkur ekki á því.

Verum vakandi!
Gunnastella

Panta tíma í ráðgjöf og/eða heilsumarkþjálfun - www.gunnastella.is - Hlaðvarp: Einfaldara líf



Við erum sérfræðingar í prentun bóka, almennu prentverki og framleiðslu umbúða. Öll framleiðsla fer fram á Íslandi.

Láttu sérfræðinga okkar aðstoða við að finna bestu, hagkvæmustu og umhverfisvænustu leiðina fyrir þig.



Vertu hjartanlega velkomin



📍 Eyravegi 25, 800 Selfoss
☎ 482 1944
✉ selfoss@prentmetoddi.is



Tryggjum byggð í landinu öllu

Sam oddviti sveitarfélags síðastliðin tvö kjörtímabil og rekstraraðili hótels á landsbyggðinni síðustu tuttugu ár, hef ég reynt á eigin skinni hvernig lífsbaráttan harðnar þegar fjær dregur höfuðborgarsvæðinu. Flutningsgjöld, margfaldur rafmagnskostnaður, það að þurfa að útvega starfsfólki sínu húsnæði, jafnvel byggja yfir það. Krafan um fæði og uppihald, hvernig þjónusta og fyrirtæki færast eins og fyrir náttúruölgmál á höfuðborgarsvæðið og kostnaður við að sækja sjálfsagða og lífsnauðsynlega þjónustu á sama tíma eykst þrátt fyrir bætt netsamband. Við skulum ekki einu sinni byrja á að ræða samgöngukerfið. Þið sem keyrið Suðurland á enda komist fljótlega að því að eftir því sem austur dregur mjókkar vegurinn og viðhald versnar. Bara á liðnu ári fór bíllinn okkar í þrjár bíl-rúðuskiptingar vegna steinkasts frá öðrum bílum.

Hið göfuga hlutverk að vera matvælaframleiðandi virðist eiga að vera einmitt það, göfugt. Kerfið utanum landbúnaðinn virðist lítið annað gera en auka álögur á bændur í stað þess að vera atvinnuskapandi og hvetjandi fyrir greinina til að vaxa og þróast. Allavega er sögulegt lágmark sauðfjár í landinu og þar er klárlega um að ræða afkomutenginu. Hlutfall verðmætasköpunarinnar sem verður eftir hjá framleiðanda / bændum er allt of lágt og löngu kominn tími til að endurskoða virðiskeðjuna og skoða hvort ekki megi einfalda hana þannig að bændur sjálfir haldi utanum fleiri þætti framleiðslunnar.

Sem betur fer þraukar fólk þrátt fyrir móþyr því allir vilja halda byggð í landinu. En hvað



kostar að halda byggð í landinu öllu? Er ekki orðið tímabært að taka skref í þá átt að auðvelda fólki afkomu og styrkja búsetuskilyrði á landsbyggðinni? Við höfum ákveðin tæki til að jafna þann aðstöðumun sem við erum að glíma við í dag og skapa þannig jöfn tækifæri óháð búsetu. Látum skattkerfið vinna fyrir okkur á þann hátt að það taki þátt í byggðapróun á Íslandi. Nýtum okkur reynslu Norðmanna og skiptum landinu uppí svæði sem bera mismunandi skattprósentu eftir landshlutum. Þannig stuðlum við að jöfnum tækifærum og höldum við landinu í byggð svo landsmenn allir geti farið í hinar hefðbundnu hringferðir um landið sitt og þegið þjónustu og afþreyingu á för sinni. Þannig stuðlum við einnig að því að tryggja matvælaframleiðslu og þar með afkomu-öryggi landsmanna í heimskrísuframtidarinnar.

Ég gef ekki kosningaloforð sem ekki er hægt að uppfylla, en ég gef ykkur loforð um að berjast fyrir Suðurland á allt. Oft er þörf en nú er nauðsyn.

*Eva Björk Harðardóttir
sækist eftir 2.-3. sæti í
prófjöri Sjálfstæðismanna í
Suðurland.*

Kæru Sunnlendingar

Síðustu vikurnar hér í Menntaskólanum að Laugarvatni hafa verið viðburðaríkar. Fyrst má nefna hina árlegu skírn sem fór fram þann 21. apríl í bógóblíðu. Þar eru fyrsta árs nemendur vígðir og verða hluti af menntaskólahópnum. Skírinn var með breyttu sniði en vanalega þar sem bekknum var skipt í tvo hópa til að fylgja sóttvarnareglum.

Kórastarfið hefur einnig verið með breyttu sniði þar sem allur kórhópurinn hefur ekki náð að syngja sem ein heild. Kórnum hefur því verið skipt í fáeina hópa og hafa æfingar farið þannig fram. Til að mynda verða engir vortónleikar í ár en í staðinn voru teknar upp æfingar af hverjum hóp og afrekstrinum streymt á YouTube. Mæli ég eindregið með því að athuga það nánar á ml.is og að hlusta á fagan söng okkar nemenda.

Tilvönandi útskriftarnem-



endur nýttu sólina þann 4. maí til að dimmitera og í ár var það Tumi tígur sem varð fyrir valinu. Nú líður að lokum þessa skólaárs sem hefur verið krefjandi og hafa nemendur lagt sig alla fram við að hlýða Víði þannig að hópurinn hafi getað verið saman í skólanum og stundað sitt nám.

Óska ég ykkur gleðilegs sumars og vona að þið eigið eftir að njóta þess.

*Umsjón: Oddný Lilja
Birgisdóttir og
Amy Phernambucq.*

Hlíðarhjálmur til allra 7 ára barna á Íslandi



Hjálmarnir hafa breyst talsvert frá því í fyrstu og nýtast nú við fjölbreyttari tómstundaiðkun en áður. Auk þess sem stór flötur hjálmsins virkar sem endurskinsmerki. Hjálmarir henta mjög vel fyrir börnin hvort sem þau eru á hjóli, hjóla-skautum eða hjólabretti.

Búrfell á Selfossi
Kiwanisklúbbarnir á Íslandi hafa í áratugi annast um útvegum og dreifingu reiðhjóláhjálmna til 7 ára barna. Þetta forvarnarstarf hófst hjá Kiwanisklúbbum Kaldbak á Akureyri 1991. Við í Kiwanisklúbbum Búrfelli á

Selfossi tókum þetta verkefni að okkur 1997 og höfum annast það síðan á okkar félagssvæði í 26 ár.

Ómetanlegt framlag Eimskips
Fyrstu 7 árin öfluðum við fjár til þessa verkefnis hjá tryggingafélögnum auk framlags úr félagsjóði klúbbsins, en samstarf við Eimskip hófst 2004. Frá þeim tíma hefur Eimskip kostað verkefnið bæði innkaup og flutninga. Síðan hefur það náð til allra 7 ára barna á landinu.

Dreifing í skólana
Eimskip annast dreifingu þeirra um allt land, en þar sem kiwanis-

klúbbar eru starfandi annast þeir þar afhendingu á hjálmunum. Það er ávallt mikið fagnaðarefni að fá tækifæri að afhenda brosandi börnum þetta sjálfsagða öryggistæki.

*Foreldrum mikill fengur er
sú farsæld hverju sinni,
ef hjólandi barnið hjálminn ber
á höfði í umferðinni.*

Óskabörnin okkar
Þetta er óskaverkefni okkar. Í upphafi var Eimskipafélag Íslands „óskabarn þjóðarinnar“ en nú hefur Eimskip í samvinnu við Kiwanishreyfinguna gert þetta verkefni að „óskabarni“ sínu. Öll 7 ára börnin eru „óskabörnin okkar“.

*Eimskips trausta átakið
í okkar slysavörnum.
Með vænsta hjálma verkefnið
er veitist landsins börnum.*

*Hjörtur Þórarinnsson er félagi í
Kiwanisklúbbum Búrfelli.*

Bestu birkimyndböndin

Efnt til keppni meðal grunn- og framhaldsskólanema

Átak til að auka útbreiðslu birkiskóga, með söfnun og sáningu á birkifræi, hófst á síðasta ári. Fjöldi fólks tók þátt í því og umtalsverðu magni af birkifræi var safnað. Til að glæða enn frekar áhuga landsmanna var ákveðið að efna til myndbandakeppni meðal grunn- og framhaldsskólanema.

Keppnin hófst í lok apríl og lýkur 30. september. Ástæðan fyrir svona löngum keppnistíma er sú að án efa vilja einhverjir mynda birkið frá því að það lifnar að vori og þar til það stendur í haustlitum með fullþroskað fræ.

Keppt verður í tveimur flokkum, grunnskólaflokki og framhaldsskólaflokki. Í boði eru vegleg verðlaun sem fyrirtækin Heimilistæki og Tölvulistinn gáfu til keppninnar. Sjá nánar á heimasíðunni <http://www.birkiskogur.is>

Hver þátttakandi getur sent inn fimm myndir inn í sinn flokk. Engar hömlur eru settar hvað varðar tæki sem eru notuð við gerð myndbanda. Sama gildir um efnismeðferð. Hins vegar eru gerðar kröfur um að myndin/myndirnar frá hverjum og einum fjalli um birki á Íslandi, lengd innsendra myndbanda fari ekki yfir 60 sekúndur og að skráningarformið sé fyllt út. Einn höfundur skal skrifaður fyrir hverju myndbandi.

Aldurstakmörk á samfélagsmiðlum eru 13 ár á Íslandi. Ef þátttakandi er yngri en 13 ára verður hann að hafa leyfi foreldra/forráðamanna til að taka þátt.

Á síðunni www.birkiskogur.is er skráningarform sem þátttakandi þarf að útfylla. Þar þarf m.a. að koma fram nafn höfundar heiti Instragram reiknings, sími, netfang og slóð inn á myndbandið. Hægt verður að skoða innsend myndbönd á síðunni www.birkiskogur.is

Verkefni á vegum:

Landgræðslan

skógræktin

Samstarfsaðilar:

Heimilistæki

terra

prentmet

LANDVERND

BONUS

Kiðjabergsheimilið og biblíubréfið dýra

*Hann var óðfleygur örn
með sitt eldlega fjör
flaug hann ofar en smáfugla hjörð.
Hún var lóan svo ljúf,
sem að lofandi guð
boðar lífið og vorið á jörð.*

Þetta fallega ljóð orti sálmaskáldið Valdimar Briem á Stóra-Núpi um sýslumannshjónin á Kiðjabergi þau Þorsteinn Jónsson og Ingibjörgu Elísabetu Gunnlaugsdóttur. Biblíubréfið dýra hefur varpað ljósi á merka sögu og magnað fólk sem bjó á Kiðjabergi á árunum 1869 til 1984. Biblíubréfið svokallaða er örk með 23 skildingafrímerkjum, bréf merkt sýslumanninum í Árnessýslu og er verðmæstasti

póstsögugripur Íslandssögunnar. Bréfið var hér til sýnis 2018 og var talið 200 milljóna virði þá. Hér verður biblíubréfið og örlög þess ekki rakin en fræðimaðurinn Skúli Helgason var sveitungi og vinur Kiðjabergsfólksins, fæddur og alinn upp að Svínavatni. Hvernig bréfið varð hans eign eins og Björn Björnsson leiddi getum að í sjónvarpsþætti sínum er erfitt að ráða í og allt getur það hafa gerst með eðlilegum hætti. Skúli Helgason var dýrlegur maður sveit sinni og héraði, hann skrifaði hátt á sjötta þúsund blaðsíður um menn og málefni, staði og sögulega atburði sem snerta Grímsnes og Grímsnesinga og safnaði

mörg hundruð myndum af fólki, bæjum og náttúru á þessu svæði. Hann var Þórður í Skógum okkar Árnesinga, en fékk ekki þann stuðning sem Þórður hafði hjá Rangæingum. Aldrei heyrði ég annað en Skúli hefði verið heiðvirður maður.

Kiðjaberg er handan árinna gegnt Brúnastöðum, bæjarstæðið er fagurt, stendur í brekkubrun í dálitlu dalverpi við Hvítá. Vestan við bæinn er klettahöfði sem gengur fram í ána og heitir Kiðjaberg. Faðir minn sagði að Þorsteinn Jónsson sem fæddur var að Stóra-Ármóti í Hraungerðishreppi hafi sem ungur maður verið að elta sauðfé sem strekkti upp í Brúnastaðanes á vorin, þá hafi honum opnast sýnin á bæjarstæðið í Kiðjabergi og þótt svo fagurt og heillandi að hann hét sér því ætti hann þess kost að eignast þessa jörð skildi hann gera það. Þorsteinn gekk menntaveginna lærði lögfræði í Kaupmannahöfn og varð sýslumaður bæði austur á Héraði og á Húsavík. Hann var skipaður sýslumaður Árnesinga og kaupir þá draumajörðina Kiðjaberg 1869. Fjölskyldan kom Sprengisand suður en búslóðin fór með haustskipi frá Húsavík til Kaupmannahafnar og upp til Eyrarbakka með vorskipi.

Kiðjabergsbærinn er elsti timburbær í Árnessýslu byggður 1869 og hefur verið gerður upp af Meistarafélagi húsasmiða sem nú eiga jörðina. Fjölskyldan sem kom suður Kjöl var auk sýslumannshjónanna börn þeirra og öruglega vinnufólk. Kiðjabergsfólkið eignaðist Hestfjall að mestu en þar voru bæirnir Hestur sem fór í eyði 1914 og Gíslastaðir ferjustaður sem fór í eyði 1944, sem liggur á mótis við Árhraun á Skeiðum og lá landleið eftir fjallinu og áfram til Reykjavíkur um Mosfellsheiði. Kiðjaberg var því í þjóðbraut. Rangæingar komu um Nautavað og fóru um Hestfjall. Flóinn var erfiður yfirferðar gegnum aldir sakir bleytu, þó þekktar séu Ásaleiðin suður á Eyrarbakka og um Brúnastaði niður með Hvítá og Ölfusá að Laugardælaferju.

Sýslumannshjónin reistu og ráku eitt mesta myndarþú og menningarheimili í Árnessýslu þar var rausn í búi og gríðarlega margt fólk í heimili. Börn og unglingar tekin í fóstur og sægur af gömlu fólki sem lauk ævi sinni á Kiðjabergi.

Gunnlaugur tók við búi af foreldrum sínum með Soffíu Skúladóttur frá Breiðabólstað í Fljótshlíð, frænku Bjarna skálds Thorarensen. Hann var hreppstjóri og umsvifamikill félagsmálamaður í Árnessýslu og kom víða að málum. Soffía var glæsileg húsmóðir og hélt uppi sama kærleika og tengdamóðir sín. Þar var rúm fyrir marga og mikil umhyggja.

Gunnlaugur gaf Soffíu í morgungjöf aðra Brúnastaðajörðina handan árinna og þar



Í Hraungerðiskirkjugarði er leiði sýslumannshjónanna í Kiðjabergi og mosagróinn steinn varðveittur minningu þeirra Þorsteins Jónssonar og Ingibjargar Elísabetar Gunnlaugsdóttur



Halldór G. Gunnlaugsson.

með jukust mjög samskipti við Brúnastaðheimilið sem voru talsverð fyrir. Enn man ég þegar ég sem lítill drengur stóð á Brúnastaðahlaðinu og því lík bílamergð var um túnin í Kiðjabergi. Þetta var 23. mars 1954 og fram fór húskveðja á Kiðjabergi. Soffía húsfreyja var látin. Soffía var einstök manneskja og var mikils metin í Grímsnesinu. Henni þótti vænt um jörðina sína sem gaf Kiðjabergsmönnum góð slægjulönd á engjum. Og ekkert þótti henni jafn fagurt og gullstrengurinn yfir Hvítá fram undan bænum. Henni þótti líka aftanskinið yndislegt sem kom á kvöldin yfir Bergið.

Valdimar Briem orti líka ljóð um Gunnlaug og Soffíu en þar segir:

*Fögur stendur byggð á bergi
bökkum Hvítár á.
Nafn af bergi ber með rentu
bærinn mæti sá.
Hjón þar búa góð og göfug,
gnæfa hátt í byggð á bjargi,
bjargföst þeirra trygð.*

Halldór Gunnlaugsson tók við búi foreldra sinna og bjó lengi með móður sinni því Gunnlaugur dó 1936. Enn var mannmargt á Kiðjabergi og fyrir búi með Halldóri stóð Þorsteinn Stefánsson máttarstólpi heimilisins, hraustmenni svo mikið að Grettir sterkir hefði mátt vara sig. Hvorugur þessara manna kvæntist, Halldór var guðfræðingur að mennt og mikill félagsmálamaður og hreppstjóri Grímsnesinga.

Mikill og góður vinskapur var á milli bæjanna á Brúnastöðum og Kiðjabergi. Halldór og faðir minn heilsuðust á rússneska vísu. Bátur var á Kiðjabergi og einnig oft farið yfir á ísum að vetri. Fjárhús höfðu þeir í fjallinu að Hesti og Hamri og drifhvít var sauðabreiðan í smalamennskum á haustin. Sem barn minnst ég þess að við systkinin fórum upp á Brúnastaðholt þegar Kiðjabergsfólkið var að heyja á engjunum. Ég minnst þess

að þar var margt ungt fólk sem söng um leið og það rakaði ljánni í flekki. Stundum kom Þorsteinn í flekkinn til föður okkar og færði honum lax í soðið. Þorsteinn reri svo með allt heyið yfir Hvítá á bátum, hafði annan í togi og troðfyllti báða af böggum. Sagt var að tveir hraustir lögreglumenn sem komu að Kiðjabergi hafi boðist til að róa eina ferð, þeir nefndu það ekki aftur.

Síðast heyjuðu Kiðjabergsmenn á Brúnastaðangjum sumarið 1954 og þá sló Páll Sigurðsson prestsonur í Hraungerði engjarnar með Massey Harris Phony traktor frá Bandaríkjunum sem hann hafði keypt um vorið eftir góða vertíð á Ögmundi aflaskipi Meitilsins í Þorlákshöfn. Páll sló og sló með greiðu og hafði smíðað skúffu sem safnaði heyinu saman. Nú voru það traktorshljóðið og söngur sonar Stefáníu í Hraungerði sem rauf kyrrðina, vélaöldin var hafin. En Stefanía móðir Páls var slík söngkona að hún var á við heilan kirkjukór. Síðan var öllu heyinu hlaðið upp í heystæðu í Pembu sem er ein af dælunum sem slegnar voru. Nú var Þorsteinn hættur að treysta sér í róðurinn. Á útmánuðum 1955 minnst ég þess þegar karlarnir í Flóanum komu saman á fallegum vetrardegi til að binda og flytja útheiðið í heybandslest yfir ána á íslagðri Hvítá. Þorsteinn heljarmennið kom yfir ána og fór fyrir lestinni. Þarna voru faðir minn, Ágúst á Brúnastöðum, Einar í Austurkoti, Jóhann í Oddgeirshólum, Haukur á Stóru-Reykjum og Páll á Litlu-Reykjum. Við Brúnastaðakrakkarnir fengum að fylgja lestinni og elstu strákarnir gerðu gagn.

Enn man ég þegar Þorsteinn eða Steini eins og hann var kallaður kom til bæjar á Brúnastöðum og hafði bleytt sig í fætuna. Hann sat á kolli í gömlu baðstofunni. Aldrei hef ég séð stærri mannsfætur og varð starsýnt á manninn, svipmikill og augnabráloðinn. Í síðustu

ÚTBOD

Hrunamannahreppur óskar eftir tilboðum í verkið:



Miðlunargeymir á Berghylsfjalli

Verklok eru 30. júní 2022.

Verkið felst í byggingu miðlunargeymis með loka-húsi á Berghylsfjalli, ásamt lagningu jarðlagna og tengingu við núverandi aðveitu vatnsveitu Hrunamannahrepps.

Verkinu er skipt í 2 áfanga.

1. áfangi: Leggja vegslóða að vinnusvæði. Jarðvinna vegna mannvirkis og uppsteypa.
2. áfangi: Lagnavinna og frágangur húss og umhverfis.

Áfanga 1 skal að fullu lokið: 1. október 2021.

Áfanga 2 skal að fullu lokið: 30. júní 2022.

Verkinu skal að fullu lokið: 30. júní 2022.

Helstu magntölur eru:

Gröftur	2.000 m ³
Fyllingar	2.000 m ³
Mótasmiði	700 m ²
Steypa	120 m ³
Vatnslagnir	200 m

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með miðvikudeginum 12. maí 2021. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Guðmund Hjaltason hjá Eflu Suðurlandi í síma 412 6900, eða með tölvupósti á netfangið gh@efla.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Hrunamannahrepps Akurgerði 6, 845 Flúðir fyrir kl. 13:00 miðvikudaginn 2. júní 2021, en þá verða þau opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Sveitarstjórinn í Hrunamannahreppi

lestinni man ég að faðir minn gekk öðru megin lestarinnar og Þorsteinn hinu megin og var Þorsteinn í minningunni tröllvaxinn. Síðasta ferðin var örlagarík því þegar þeir komu að ánni var hún að byrja að ryðja sig. Faðir minn skipaði Þorsteini á bak og öslaði sjálfur með lestina yfir og á árbakkanum fyrir neðan Hest hleyptu þeir böggunum af klökkunum og pabbi kom aftur heilu og höldu með hrossalestina yfir en heimilishundurinn Snati varð eftir í Hestfjalli.

Halldór Gunnlaugsson var eftirminnilegur maður og okkur kær, bræður mínir ekki síst Gísli og Þorvaldur voru miklir hjálparmenn Halldórs en þá var Þorlákur Jónsson kominn heim sem bjargarhella Halldórs. Oft kom ég í stofu Halldórs á mínum ferðum sem mjólkurefirlitsmaður og var alltaf tekið opnum örmum. Halldór trúði mér fyrir mörgu og það var einstakt að ræða við hann

fluggáfaðan og minnið magnað. Hann sagði mér frá þeirri sorg að Gunnlaugur faðir hans hefði misst jörðina um það leyti sem hann var að ljúka guðfræðináminu. Í upphafi aldarinnar urðu margir athafnabændur að skrifa upp á víxla í kringum uppbyggingu atvinnulífs í héraðinu. Nú eignaðist Landsbankinn höfuð-bólið. Halldór reri yfir Hvítá og fór að Hraungerði til séra Ólafs Sæmundssonar og sló hann um lán upp á tíu þúsund krónur og náði að kaupa Kiðjabergið aftur á 30 þúsund krónur af Landsbankanum.

Sagan segir að Halldór hafi ungur orðið fyrir ástarsorg. Frændur hans þeir Gunnlaugur og Sigurður Ingasynir voru þingverðir þegar ég hóf þingmennsku og tóku mér opnum örmum. Þeir sögðu að eitt sinn hefði Soffía kona Sigurjóns bróður þeirra verið að þjónusta gamla konu á spítala og þegar hún heyrði að hjúkrunarkonan

héti Soffía hafði hún sagt: „Það er fallett nafn Soffía. Ertu nokkuð skyld henni Soffíu á Kiðjabergi?“ Nei sagði Soffía, en maðurinn minn er ömmubarn hennar. „Nú jæja þá þekkirðu Halldór á Kiðjabergi, viltu skila kveðju til hans frá mér.“ Þegar Soffía flutti Halldóri kveðjuna setti hann dreyrrauðan og varð angurvær.“ Halldór bjó lengst

allra bænda í Árnessýslu í sextú ár. En Soffía móðir hans var húsfreyja á Kiðjabergi fast að sjötú árum.

Nú er ættarstofninn bæði stór og sterkur út af gömlu sýslumannshjónunum, fólk sem vekur athygli og getur sér gott orð. Það er gott að minnast gamla Kiðjabergsheimilisins. En engan gat órað fyrir að eitt umslag

yrði jafnverðmætt og jörðin sjálf, og færi um heiminn sem sýningargripur. En hafi einhver verið þessverður utan ættarinnar að hagnast á bréfinu þá var það Skúli Helgason fræðimaður.

Guðni Ágústsson.



Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst til-laga að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012-2024.

Ofanbyggðavegur á Hvolsvelli – Aðalskipulagsbreyting

Fyrirhuguð er breyting á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012-2024. Meginmarkmið breytingarinnar er að skilgreina nýjan veg, hringtorg og undirgöng. Nýr ofanbyggðavegur mun tengja betur byggðina á Hvolsvelli við íþróttasvæðið ásamt því að hægja og léttu á umferð um þjóðveg 1 í gegnum þéttbýlið og auka þannig umferðaröryggi.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.

Ofanbyggðavegur á Hvolsvelli – Deiliskipulagstillaga

Um er að ræða nýtt deiliskipulag af svokölluðum Ofanbyggðar-vegi. Vegurinn mun liggja frá hringtorgi við þjóðveg nr. 1, sem staðsett verður vestan við Hvolsvöll. Frá hringtorginu mun vegurinn liggja norður fyrir byggðina á Hvolsvelli og tengjast Nýbýlavegi.

Ofangreinda deiliskipulagstillögu ásamt tillögu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012-2024 er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, www.hvolsvollur.is og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 12. maí nk. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillöguna, og er frestur til að skila inn athuga-semndum til 23. júní nk. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

F.h. Rangárþings eystra,
Guðmundur Úlfar Gíslason,
skipulags- og byggingarfulltrúi.



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt eftirfarandi tillaga að breytingu á aðalskipulagi Árborgar:

Nauthagi – Aðalskipulagsbreyting

Breytingin tekur til svæðis sem skilgreint er sem almennt útivistarsvæði í gildandi aðalskipulagi Ú2. Reiturinn er vestan við Nauthóla og er um 8000 m² að stærð. Stofnuð verður stök 1.800 m² íbúðarlóð og mun reiturinn því minnka um tilsvarendi stærð og verða eftir breytingu um 6.200 m². Á lóðinni er gert ráð fyrir um 700 m² byggingu með 6-8 íbúðum á einni hæð.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

Austurbyggð II - Deiliskipulag

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 28. apríl 2021 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Austurbyggð II, Selfossi. Megináhersla deiliskipulagsins er að afmarka lóðir og skilgreina bygg-ingarreiti fyrir íbúðarbyggð og setja skilmála fyrir uppbyggingu innan svæðisins. Á skipulagssvæðinu er gert ráð fyrir einbýlis-, par-, rað- og fjölbýlishúsalóðum.

Hjalladæl og Túngata norðanverð, Eyrarbakka – Deiliskipulag

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 28. apríl 2021 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Hjalladæl og Túngötu norðanverða og á Eyrarbakka. Tillagan tekur til um 6 ha. svæðis. Skipulagið nær til núverandi húsa norðan Túngötu og gerir ráð fyrir framlengingu á Hjalladæl. Hún er lengd um 330 m til vesturs og um 140 m til austurs. Við það verða til 6 nýjar lóðir fyrir þriggja íbúða raðhús og 10 lóðir fyrir parhús, eða samtals 38 íbúðir. Skilgreindar eru lóðir og byggingarreitir á lóðum norðan Túngötu á milli lóða nr. 20 til 66 og gert grein fyrir byggingarmagni á þeim lóðum.

Vöttur – Deiliskipulag

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 20. mars 2019 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Vött. Tillagan var áður auglýst með athugasemdafresti til 24. október 2019, en vegna tímafresta er hún hér auglýst að nýju. Tillagan tekur til landskikana Vöttur og Vöttur 2 sem staðsettir eru við Votmúlaveg. Einn byggingarreitur er á hvorum landskika. Innan byggingarreita er heimilt að byggja tveggja hæða íbúðarhús ásamt sambyggðri eða stakstæðri bílgeymslu. Heildarflatarmál íbúðarhúss og bílgeymslu má vera samanlagt 400 m². Auk þess er heimilt að byggja allt að 100 m² gestahús og 60 m² gróðurhús. Á lóðinni Vöttur er heimild til byggingar landbúnaðarbyggingar allt að 1.800 m² og á lóðinni Vöttur II er heimild til byggingar landbúnaðarbyggingar allt að 300 m².

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammí til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austur-vegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is.

Aðalskipulagsbreyting, mál 1, er í kyningu frá 12.05.2021 til og með 26.05.2021 og skulu athugasemdir og ábendingar berast eigi síðar en 26.05.2021.

Deiliskipulagstillögur, mál 2-4 eru auglýstar með athugasemdafresti frá 12.05.2021 til og með 23.06.2021. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athuga-semdir við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til 23.06.2021.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið skipulag@arborg.is.

Anton Kári Halldórsson,
skipulagsfulltrúi.

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU

Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 14 - PPG opinn fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Spörgöngufólk f. alla
Bókasafn

Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundur alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu
Hveragerði, efri hæð,
fimmtudaga kl. 20:30.



Sími 482 1944 | selfoss@prentmetoddi.is

BÍLAR

KIETTUR

Bífléiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskóðanir Heklu-bífléiða og
almennar bílavíðgerðir.
Hjólástíllingar



Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069



Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA



S: 662-1122

Daglegar ferðir
SELFLOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bífléiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

KIRKJUR

Selfosskirkja

Guðsþjónusta sunnudaginn 16.
maí kl. 11:00. Kirkjukórinn syngur,
organisti Edit A. Molnár og
prestur Arnaldur Bárðarson.

Skálholtsdómkirkja

Messa á uppstigningardag kl.
11.00. Messa sunnudag kl.
11.00. Allir eru hjartanlega velkomnir.
Sóknarprestur.

HEILSA

Nudd -
Svæðanudd

Dáleiðsla

Augnlestur og
heilsuráðgjöf

Einföld en áhrifarík
ráð við ýmsum
heilsuvandamálum

Alla fimmtudaga í Heilsulindinni
Miðgarði, Austurvegi 4, Selfossi.

Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501

Viðurkenning fyrir nafn
á nýjum grunnskóla

Fyrir nokkru síðan var haldin
nafnasamkeppni um nýjan
grunnskóla sem opnaður verður
í haust á Selfossi.

Alls bárust 33 tillögur að
nafni og voru tveir sem áttu vinn-
ingstillöguna sem varð fyrir val-
inu en grunnskólinn hlaut nafnið
Stekkjaskóli. Það var Ingvaldur
Guðjónsdóttir sem dregin var út
sem verðlaunahafi, en hún tengdi
nafnið við byggðina í kring en

þar enda allar götur á -stekkum.

Í verðlaun var út að borða á
Krisp og fallegur blómvöndur.

Það voru Gunnar Eysteinn
Sigurbjörnsson, fulltrúi fræðslu-
nefndar og Hilmar Björgvinsson,
skólastjóri Stekkjaskóla sem
veittu verðlaunin í blíðskapar-
veðri, auk Ástrósar Rúnar, að-
stoðarskólastjóra Stekkjaskóla
og Önnu Ingadóttur deildarstjóra
skólaþjónustu.

Nýr
hjúkrunarstjóri

Margrét Björk Ólafsdóttir
hefur verið ráðin hjúkrunar-
stjóri á heilugæslustöð
Selfoss. Margrét hefur gegnt
starfinu í afleysingu í eitt ár
en hafði þar áður starfað við
deildina sem deildarstjóri
frá árinu 2018. Hún starf-
aði sem hjúkrunarforstjóri
á Kumbaravogi í 6 ár. Hún
lauk hjúkrunarfræðinámi frá
Háskólanum á Akureyri árið
2010 og diplomanámi í opin-
berri stjórnsýslu frá Háskóla
Íslands árið 2020.

Óvissustigi almannavarna lýst
yfir vegna hættu á gróðureldum

Ríkislögreglustjóri, í sam-
ráði við lögreglustjóra og
slökkviliðsstjóra á Vesturlandi,
höfuðborgarsvæðinu, Suðurn-
esjum og Suðurlandi hafa
ákveðið að lýsa yfir óvissustigi
almannavarna vegna hættu á
gróðureldum.

Svæðið sem um er að ræða
nær frá Eyjafjöllum að sunnan-
verðu Snæfellsnesi. Þessi
ákvörðun er byggð á því að lítið
hefur rignt á þessu svæði undan-
farið og veðurspá næstu daga
sýnir heldur ekki neina úrkomu
að ráði.

Óvissustig almannavarna
þýðir að aukið efnitil er haft með
atburðarás sem á síðari stigum



gæti leitt til þess að heilsu og
öryggi fólks, umhverfis eða
byggðar verði ógnað. Að lýsa
yfir óvissustigi er hluti af verk-
ferlum í skipulagi almannavarna
til að tryggja formleg samskipti
og upplýsingagjöf á milli við-
bragðsaðila og almennings.

Almenningur er hvattur til
að sýna aðgát með opinn eld á
þessum svæðum og öðrum þar
sem gróður er þurr. Það þarf
ekki mikinn neista til þess að af-
verði stórt bál.

Ef fólk verður vart við gróð-
urelda á strax að hringja í 112.

Á heimasíðu almannavarna-

deildar ríkislögreglustjóra er
hægt að nálgast upplýsingar
um ýmsar varnir til að draga úr
hættu af gróðureldum, einnig á
grodueldar.is/. Sjá meðferð elds
á grónu svæði.

Á Suðurlandi nær óvissustig-
ið yfir svæðið frá Eyjafjöllum
og vestur að mörkum umdæm-
isins. Ástandið er heldur alvar-
legra í Árnessýslu en á öðrum
stöðum en full ástæða til að fara
varlega. Samkvæmt veðurspá er
engin úrkoma á næstunni og út-
lit fyrir svipað veðurfar næstu 7
til 10 daga.

ATVINNA

Eldstó Art Café
Hvolsvelli

Langar þig til að starfa í
fallegu umhverfi á vinnustað
sem er eins og lítil
fjölskylda.

Okkur vantar matreiðslu-
mann/-konu, sem þarf að
geta unnið undir álagi, þar
sem traflinn er ófyrirsjáan-
leg hjá okkur.

Hafið samband við
Helgu í síma 781 5900.

SJ. Smíðar

Vantar þig smíð? Tek að mér verkefni.
Öll almenn smíðavinna,
sólipallar - innréttingar - parketiðgn
s. 867-4369

Velkomin Lina!

Lina er byrjuð að vinna
hjá okkur! Hægt er að panta
tíma hjá henni á lobbýid.is,
í Noona-appinu eða
í síma 482 3111.

LOBBÝIÐ





Samofin saga landgræðslunnar og flugsins

Út er komin bókin *Landgræðsluflugið* frá Sæmundi bókaútgáfu. Bókin fjallar um hið merka starf Landgræðslunnar og flugmanna hennar við endurheimt landgræða með eins hreyfils flugvélum á árunum 1958 – 1992. Bókina rita þeir Sveinn Runólfsson, þáverandi starfsmaður Landgræðslunnar og síðar Landgræðslustjóri og Páll Halldórsson flugmaður í landgræðslufuginu. Höfundarnir voru sjálfir þátttakendur í landgræðslufuginu, nær alveg frá upphafi. Því skal þó haldið til haga að í bókinni er ekki farið inn á sögu landgræðslufugs með „þristinum“ DC-3 Páli Sveinsyni. Sú saga hefur að nokkru verið rakin í ritinu *Á grænum vængjum*.

Sagan týnst ef við hefðum ekki komið henni frá okkur

Ég tók á móti þeim Sveini og Páli til þess að ræða nýútkomna bók þeirra *Landgræðsluflugið*. Ég sá strax að við færum ekki langt án þess að fá okkur kaffisopa. Meðan ég lét renna í bollana segja þeir félagar mér frá því að öll spjót hafi staðið að þeim að halda sögunni til haga. „Við vorum ekki vissir með það í upphafi að þetta yrði að bók endilega. Við bara byrjuðum,“ sagði Páll. Sveinn tekur undir það og sagði að þeir hefðu verið í mörg ár að við að sér myndum og gögnum og hægt og bítandi hafi verið farið að taka á sig mynd. Það hafi svo verið ánægjulegt þegar Bjarni Harðarson hjá Sæmundi vildi gefa út. „Við erum handvissir um það að sagan hefði gloprast niður ef við hefðum ekki sagt hana og haldið þessu til haga. Þetta er saga sem spannar 35 ár og er mjög mikilvægur hluti landgræðslunnar í landinu,“ segir Sveinn.

Yfir 300 myndir prýða bókina frá ýmsum tímabilum

Bókin er afar vönduð og uppfull af ljósmyndum frá ýmsum tímabilum landgræðslufugsins. Þá eru stuttir textar í bland við lengri. Um miðbik bókarinnar er að finna skemmtilegar sögur af fluginu, fólkinu og ýmsu skemmtilegu sem henti í landgræðslufuginu. Það er því eftir miklu að slægjast, bæði fyrir þá sem hafa áhuga á flugsögunni og auðvitað landgræðslunni. En í bókinni má einnig finna frásagnir af skemmtilegu fólki og viðskiptum þeirra félaga við það. Það er augljóst af lestri bókarinnar að þeir Páll og Sveinn hafa lagt sig fram um að tína til allt það sem fyrir fannst um efnið. Meðal annars má sjá afrit úr flugbók Karls Eiríkssonar, en hann flaug fyrsta áburðarflugið í Gunnarsholti 14. júní 1958. Bókin er að auki vel upp sett og aðgengileg.

Sagan spannar erfiðleikana í upphafi og árangurinn í dag

Aðspurðir að því hvernig var að koma svona verkefni, landgræðslufuginu, af stað segja þeir að það megi segja að Agnar Kofoed-Hansen hafi verið sá sem fyrst fór að hafa orð á þessu með grein í Morgunblaðið. Svo var vandamál að kaupa vélar, til þess þurfti fjármagn og innflutningsleyfi. Þetta var örðugt í byrjun. Þetta rekjum við í bókinni vel og vandlega, segja Sveinn og Páll. Við ræðum um það hvers vegna þetta þótti svona mikilvægt, að fá flugvélar í verkefnið. „Unga kynslóðin í dag gerir sér illa grein fyrir því hvernig ástandið var á þessum tíma. Hún trúir því ekki þegar sáðmenn sandanna gengu um myrkranna á milli, bryðjandi sand alla daga og rötuðu ekki á milli bæja fyrir

moldrokinu. Flugvélmenn gáfu þau afköst sem þurfti til að ráða við ástandið, sem var vægast sagt svakalegt.“ segja Sveinn og Páll.

Ekki bara fermetrarnir sem græddir voru upp sem skiptu máli

„Með fluginu tókst okkur að græða upp mikið meira land í einu, torfær svæði og annað. Vélbúnaður eins og traktorar og áburðardreifingar voru ekki jafn öflug þá og nú. Það gerði erfitt fyrir að koma áburði og fræjum þangað sem þeirra var þörf. Það er svona einn hlutinn. Landgræðsluflugvélmenn dreifðu áburði á heimalönd bænda þar sem þau voru illa farin, þeir greiddu áburðinn og Landgræðslan dreifinguna. Bændur sáu árangurinn og með þessu fór af stað umræða um landgræðslu meðal þeirra og landsmanna og ég segi það fullum fetum að þetta var upphafið af verkefninu *Bændur græða landið*. Við byrjuðum þarna í fluginu og fljótlega tóku bændur við sér og sáu hag sinn í því að græða upp í kringum sig. Það varð ákveðin vitundarvakning þó að einhverjir hafi hreyft við mótmælum og talið þetta mestu vitleysu.“ Við ræðum drykklanga stund um flugið og ég spyr Pál, þó svarið sé augljóst, um árangurinn. „Það er alveg nóg að keyra upp að Gunnarsholti til þess að sjá hver áhrifin hafa verið. Það er hreint lygilegt. Haukadalsheiðin og raunar fjöldi staða um allt land, eins og sjá má í bókinni. Það er gaman að spjalla við þá félaga um sögu landgræðslufugs á Íslandi og við gætum haldið lengi áfram. Í bókinni tvinnast saman saga landgræðslu, flugsins og fólksins. Hverfist um baráttuna gegn örfoka landi og einmitt það að skila því í betra ástandi en við tókum við því. Sjálfbær þróun er ekki ný af nálinni. Þeir félagar hafa sannarlega lagt sitt á vogarskálarnar í þeim efnum. Við óskum þeim til hamingju með bókina.

-gpp



AÐALFUNDUR

Aðalfundur Bárunnar, stéttarfélags verður haldinn þriðjudagskvöldið 18. maí nk. á Hótel Selfossi.

Fundurinn hefst kl. 19.00.

Dagskrá

1. Venjuleg aðaflundarstörf
2. Breytingar á reglugerð sjúkrasjóðs
3. Önnur mál.

Boðið verður upp á kvöldverð.

Gætt verður að öllum reglum um sóttvarnir.

Sjáumst kærur félagar.

Stjórn Bárunnar, stéttarfélags



**LEIKFÉLAG
HVERAGERÐIS**
STOFNAÐ 1947



Nei Ráðherra!

Höfundur: Ray Cooney
Þýðandi: Gísli Rúnar Jónsson
Aðlögun og leikstjórn: Örn Árnason

Frumskýning föstudaginn 14. maí kl. 20:00

2. sýning laugardaginn 15. maí
3. sýning föstudaginn 21. maí
4. sýning sunnudaginn 23. maí

Allar sýningar hefjast kl. 20:00.

Miðaverð: 3.000 kr.
Fyrir hópa 10 eða fleiri 2.500 kr.

Miðapantanir í síma 896 8522
milli kl. 16:00 og 20:00.



Sjálfböðastarfið í Þórsmörk hafið



Mynd: trailteam.is

Vel horfir með verkefni sumarsins hjá sjálfböðaliðahópnum á Þórsmörkursvæðinu. Þótt fáein snjóhorn hafi fallið í svölu veðri undanfarna daga skín sólin glatt á fyrstu sjálfböðaliðana sem koma sér fyrir í Langadal.

Fyrstu sjálfböðaliðarnir sem starfa munu á Þórsmörkursvæðinu á komandi vertíð komu í Langadal þann 3. maí sl. og verða fyrstu verkefnið að kortleggja ástand gönguleiðanna og gera við skemmdir sem orðið hafa í miklum rigningum undanfarnar vikur. Mjög margar umsóknir bárust um sjálfböðastörf á Þórsmörk að þessu sinni og þurfti að vísa mörgum frá.

Þetta verður níunda sumarið sem sjálfböðaliðar starfa á Þórsmörkursvæðinu á vegum Skógræktarinnar og undir merkjum Þórsmörk Trail Volunteers. Fyrsti hópur sjálfböðaliða kemur sér fyrir í starfsstöð Skógræktarinnar í Langadal í Þórsmörk en einnig verða búðir í Básam á Goðalandi og útstöðvar fjær miðstöðvunum þegar kemur fram á sumarið.

Þrátt fyrir að enn séu í gildi ferðatakmarkanir vítt og breitt um heiminn eru vonir bundnar við að hægt verði að halda úti sjálfböðastarfinu samkvæmt áætlun og vinna þau verkefni sem skipulögð hafa verið. Fyrir

liggja nýframkvæmdir við timburmannvirki sem felld verða inn í landslagið eftir megni. Timbrið er að miklu leyti fengið úr íslenskum skógum.

Fyrstu verkefnið verða hins vegar að fara yfir gönguleiðirnar og meta ástand þeirra. Nokkrar skemmdir hafa orðið í miklum rigningum síðustu vikunnar og mörg handtök sem þarf til að lagfæra þær. Eins og venjulega verður líka unnið að almennu viðhaldi og viðgerðum ásamt landbótum þar sem rof hefur orðið vegna ágangs ferðamanna eða vatns og vinda.

Sjálfböðastarfið fer svo á fullt í júnímánuði þegar sjálfböðaliðunum fjölga fyrir alvöru. Dvöl sjálfböðaliðanna er þó ekki eingöngu strit því jafnframt eru skipulagðar ævintýraferðir um náttúruna og svo fá sjálfböðaliðarnir líka að taka til hendinni við gróðursetningu, meðal annars til að vega upp á móti kolefnislosun vegna ferðalaga þeirra.

Mjög fallett veður hefur verið í Þórsmörk síðustu daga en þó svalt og stöku el hafa fallið líka. En byrjunin er góð og vel horfir með verkefni sumarsins eftir því sem fram kemur á vef verkefnisins, trailteam.is.

GRAFA SMÁ?

SMÁGRÖFUR TIL LEIGU
Í GRÍMSNESI OG NÁGRENNI

GROFULEIGA.IS
S. 695 1446

VANTAR ÞIG IÐNAÐARMENN

FAGVERK
EIGNAUMSJÓN

TRÉSMÍÐAR • PÍPULAGNIR
RAFVIRKJUN • MÚRVERK
MÁLUN • SÓLPALLAR
HELLULAGNIR • VÉLALEIGA

Sími 561 8080 • fverk@fverk.is

D-H BÓKHOLD

Útfararþjónusta

- ✓ Bókhaldsþjónusta
- ✓ Skattskil
- ✓ Stofnun fyrirtækja
- ✓ Framtöl og ársreikningar
- ✓ Fyrirtækjaraðgjöf

Dagbjört Hannesdóttir
MACC í viðskiptafræði
dhibokhald@gmail.com
s. 6933708

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaþiðgerðir - Almennar rafíagnir

HREINGERNINGA-ÞJÓNUSTA Suðurlands ehf.

Allar ræstingar
Steinteppabreinsun, teppabreinsun,
bón, gluggabreinsun o.fl.
Sími 897 8444

Þreint um allt Suðurland

Jiibbii

Siggaferðir

- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur

Sími 772 6010

Rétting og málun

Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi

480 8020

FYLGDI
Útfararþjónusta

Gisti G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

BRAC AF VINATTU!

Fæst hjá BYKO Selfossi

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismiði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Hjólbarðapjónusta Magnúsar

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151

HM

Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

Sprettur ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

Bílasprautun - Bílaréttingar Bílrúðuskipti

Bilverk BA

- þar sem fagmennirnir vinna

★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Lagnaþjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími